Samtímasaga um samfélagið

Menning ➤ 32

Flott á floti í fimm ár

Lífið ➤ 34

FRÉTTABLAÐIÐ

197. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR | frettabladid.is | FIMMTUDAGUR 1. SEPTEMBER 2022

Ríkisráð kom saman í gær en ríkisráðsfundir eru alla jafna haldnir á hálfs árs fresti. Þetta er fyrsti fundurinn við hið sígilda ríkisráðsborð eftir að heimsfaraldurinn skall á. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Dýrara að versla sælgæti í Fríhöfn en annars staðar

NEYTENDUR Sælgæti í Fríhöfninni er í mörgum tilvikum mun dýrara en í lágvöruverðsverslunum höfuðborgarsvæðisins. Virðist sem almenningur og ferðamenn sem fara um Leifsstöð fái ekki að njóta að vörur séu seldar án virðisaukaskatts.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir álagningu hins opinbera gífurlega og algerlega út úr korti fyrir verslun sem ekki þarf að standa skil á virðisaukaskatti. SJÁ SÍÐU 6

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna

Fjölga þarf í lögreglunni um sjötíu vegna styttingar

Mikill kostnaður og röskun á starfi lögreglu þegar vinnuvikan var stytt. Sérstakt átak þarf til að brúa bilið.

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG Stytting vinnuvikunnar kallar á að ráðnir verði allt að 75 nýir lögreglumenn. „Við erum að tala um 50 til 75 ný störf. Niðurstaðan veltur dálítið á breytingum á vaktakerfum," segir Gunnar Hörður Garðarsson, samskiptastjóri hjá ríkislögreglustjóra.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri staðfestir að styttingin kalli á mikla endurskipulagningu. „Breytingin eykur þörf á fleiri menntuðum lögreglumönnum. Það á að vera okkar aðalkeppikefli

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, ríkislögreglustjóri

að fjölga menntuðum lögreglumönnum sem mest. Við höfum náð að bregðast við í bili en það þarf augljóslega að bæta enn frekar í," segir hún.

Ein afleiðing styttingar er að fleiri ófaglærðir standa nú vaktir en áður, ekki síst um helgar. Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra er hlutfall ófaglærðra meira vandamál úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu.

Á sama tíma hafa verkefni lögreglu sumpart orðið alvarlegri. Dæmi eru um skotárásarmál undanfarið þar sem hluti lögreglumanna í útkalli hefur verið ófaglærður.

Lögreglumenn sem Fréttablaðið hefur rætt við segja ekkert benda til að menntunarskortur hafi haft mikil neikvæð áhrif í alvarlegum málum. Ef auka eigi þjálfun við skotvopn og til að mæta nýjum tímum segi sig þó sjálft að brýnni þörf sé en nokkru sinni á að mennta og þjálfa fleiri lögreglumenn.

Lögregla hefur komið áhyggjum sínum um manneklu á framfæri við dómsmálaráðherra. Lögreglunemum var fjölgað úr 40 í 80 í haust. Það dugar ekki til, að sögn ríkislögreglustjóra, og er vænst áframhaldandi fjölgunar nýnema til að brúa bilið. ■

Þróun fjölmiðla kalli á breytingar

FJÖLMIÐLAR Sífellt meiri hraði færiist í þróun á fjölmiðlamarkaði og kallar það eftir viðbrögðum þeirra fyrirtækja sem halda vilja í lesendur sína og áhorfendur.

Minnkandi lestur dagblaða og minnkandi áhorf á línulega dagskrá virðist sýna æ minni fjölmiðlaneyslu en þó er almenningur í sífelldri tengingu við fréttir flesta tíma sólarhringsins.

Stefán Eiríksson útvarpsstjóri segir stefnumörkun RÚV taka mark á breytingu fjölmiðlaumhverfis. SJÁ SÍÐU 10

Stefán Eiríksson, útvarpsstjóri

Ungir drengir notuðu mest af ADHD-lyfjum

helenaros@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Notkun ADHD-lyfja árið 2021 var mest á meðal drengja á aldrinum 10 til 14 ára. Á síðasta ári fengu 166 af hverjum þúsund drengjum ávísað slíkt lyf að minnsta kosti einu sinni.

Notkun ADHD-lyfja jókst um tæp tuttugu prósent frá 2020 til 2021.

Þetta kemur fram í nýjasta tölublaði Talnabrunns, fréttabréfs Embættis landlæknis.

Notkun ADHD-lyfja hjá börnum og fullorðnum jókst um tæp tuttugu prósent á milli áranna 2020 til 2021. Notkunin nam rúmlega 51 dagskammti á hverja þúsund íbúa á dag samanborið við 43 dagskammta árið áður.

Samkvæmt fyrri úttektum Embættis landlæknis á notkun ADHD-lyfja á Íslandi má sjá að notkun þeirra hefur aukist mikið undanfarinn áratug. ■

Covid-19 hafi reynt á réttarríkið

sigurjon@frettabladid.is

COVID-19 Umboðsmaður Alþingis segir Covid-19 hafa reynt töluvert á þanþol grunnreglna réttarríkisins.

„Sú hætta virðist óneitanlega fyrir hendi að eftir langvarandi ástand, líkt og það sem skapaðist í heimsfaraldrinum, fari stjórnvöld í auknum mæli að líta á skerðingu grundvallarréttinda sem léttvægan eða jafnvel sjálfsagðan hlut með þeirri afleiðingu að réttaröryggi borgaranna skerðist til frambúðar," segir í ársskýrslu Umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2021.

Í skýrslunni bendir umboðsmaður á að, ólíkt ýmsum nágrannaríkjum Íslands, virðist engar fyrirætlanir uppi hérlendis um heildstæða úttekt á þeim ráðstöfunum sem ráðist hafi verið í vegna heimsfaraldurs Covid-19. ■

Þrír heimar mætast

Það er óhætt að segja að veðrið hafi ekki leikið við íbúa höfuðborgarsvæðisins og nágrennis í gær þegar rigning og rok einkenndu daginn. Þessir þrír létu veður og vinda þó ekki stoppa sig og sinntu sínu meðan þeir ýmist hlupu eða gengu með fram Sæbrautinni í úrhellisrigningu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fílabeinsstytta frá Nígeríu á uppboði

kristinnhaukur@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Fílabeinsstytta er nú á uppboði hjá Gallerí Fold. Styttan er af stúlku, 23 sentimetrar að hæð, upprunnin frá Ife-Lodun í Nígeríu. Verðmatið er á bilinu 110 til 130 þúsund krónur en uppboðinu lýkur 5. september. Þegar þetta er skrifað hefur borist 21 boð í styttuna.

Fílabein er vandmeðfarið og víða um heim eru viðskipti með það ólögleg.

Samkvæmt íslenskum lögum um menningarminjar gilda ákveðnar reglur um fílabein.

Það er ekki er heimilt að flytja erlendar menningarminjar úr fílabeini úr landi. ■

Tók Harald tvær vikur að gera nýja rampa í Reykjadal

Unnur Ösp Stefánsdóttir leikkona sótti dóttur sína í Reykjadal fyrir tveimur vikum og áttaði sig á að staðurinn væri byrjaður að drabbast niður. Aðgengismálum væri ábótavant. Hún sendi því póst á Harald Þorleifsson sem svaraði um hæl og verður fyrsti rampurinn vígður á morgun.

benediktboas@frettabladid.is

Leikarahjónin Unnur Ösp Stefánsdóttir og Björn Thors ætla að láta kné fylgja kviði og taka Reykjadal í gegn að innan. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

SAMFÉLAG „Haraldur á að vera okkur öllum fyrirmynd. Þetta er ekki síst innblástur varðandi það hversu hratt hlutir geta gengið fyrir sig með samtakamætti og kannski smá brjálæði. Þarna kemur hann, grípur boltann og þrykkir öllu í gang. Við erum í alvörunni í sjokki yfir því hversu hratt þetta hefur gengið fyrir sig. Það eru tvær vikur síðan við sóttum dóttur okkar í Reykjadal," segir Unnur Ösp Stefánsdóttir en á morgun verður fyrsti nýi rampurinn í Reykjadal vígður. Ramparnir í Reykjadal voru margir hverjir orðnir lúnir og þreyttir og því er þetta kærkomið.

Leikarahjónin Unnur Ösp og Björn Thors þekktu athafnamanninn Harald Þorleifsson ekki neitt fyrir. Þau sóttu dóttur sína Bryndísi í Reykjadal og keyrðu burt með tárin í augunum en hjartað fullt af þakklæti enda Reykjadalur einstakur staður.

Á heimleiðinni helltust tilfinningarnar yfir þau. „Þessi staður er uppfullur af slíkum mannauði og kærleika að maður á ekki orð af þakklæti en húsnæðið er byrjað að drabbast niður. Og merkilegt nokk eru aðgengismálin ekki í lagi. Við fórum að tala um þetta og í algjöru hvatvísiskasti settist ég niður við tölvuna og sendi á Harald. Ég þekkti hann ekki neitt. En ég segi honum söguna, hann svarar örskömmu síðar og spyr hvað þurfi að gera og hvernig."

Haraldur Þorleifsson

Unnur viðurkennir að hún hafi ekki alveg átt von á svona skjótum svörum.

„Ég hef alveg setið í stjórnum sem hafa fundað um safnanir svo mánuðum skiptir en þetta kennir manni að það er hægt að gera hlutina ansi hratt. Stjórnsýslan mætti alveg vinna á þessum hraða," segir hún.

Unnur og aðrir foreldrar ætli ekki að láta staðar numið heldur gefa hreinlega í og taka Reykjadal í gegn enda margt komið til ára sinna innandyra. „Mér finnst þetta vera innblástur fyrir okkur sem samfélag og eins fyrir fólk með fjármagn á milli handanna sem getur látið hjartað tikka á réttum stað og láta gott af sér leiða. Okkur, ásamt fleiri foreldrum, langar að þetta verði okkur hvatning til að halda áfram, þetta er bara byrjunin. Við ætlum að starta átaki um að taka Reykjadal í gegn.

Við eigum dóttur sem kemst ekki í barnaafmæli í Ævintýralandi í Kringlunni eða Smáralind. Börn í hjólastól hafa ekki þau tækifæri. Auðvitað eigum við þá að búa til flottasta Ævintýralandið í Reykjadal, í sumarbúðum fatlaðra barna. Búa til herbergi með boltalaug, dýnum, litum og gleði. Þess vegna langar okkur til að hvetja fyrirtæki til að hoppa um borð í þessa lest okkar og hjálpa okkur að skapa fallegan ævintýraheim á þessum stórkostlega stað sem Reykjadalur er," segir Unnur. ■

ORMSSON 100 ára

SJERSTÖK AFMÆLISKJÖR
Í ORMSSONSVERZLUN

AEG

SAMSUNG

Electrolux

BANG & OLUFSEN

Vörur frá heimsþekktum framleiðendum verða fyrirliggjandi í verzlunum okkar á sjerstökum kjörum í tilefni 100 ára afmælis Ormsson. Takmarkað upplag.

Pantið því skjótt.

B&O BEOPLAY A9 HÁTALARI

-87.800
kr. afsláttur

aðeins
50
stykki

Margir litir fyrirliggjandi.

TALSÍMI 530-2800

Ryksugur

Þýzkar ryksugur mjög vandaðar, fyrirliggjandi.

REYKJAVÍK
Lágmúla 8

AKUREYRI
Furuvöllum 5

SAMSUNG VEGGOFN

aðeins
20
stykki

-90.000
kr. afsláttur

SAMSUNG

AEG
Eldavélasamstæður

Ánægjuleg reynsla fjölmargra húsmæðra af öllum kynjum eru beztu meðmælin með þessum vönduðu og glæsilegu heimilistækjum.

Afmælistilboð

Valdar vörur á afar sjerstökum afsláttarkjörum. **Takmarkað upplag.**

12 mismunandi gerðir og stærðir.

SAMSUNG KÆLISKÁPAR

Einn þeirra hentar yður.

Í rafrænum búðarglugga okkar má sjá allan varning sem seljazt skal á afmælisverði.

www.ormsson.is

REYKJAVÍK
Lágmúla 8

AKUREYRI
Furuvöllum 5

smeg HRAÐSUÐUKETILL

aðeins
20
stykki

-7.500
kr. afsláttur

AEG ÞURRKARI

aðeins
40
stykki

-40.000
kr. afsláttur

AEG

Ísland eina landið á Norðurlöndum sem lætur nemendur borga bækurnar

ninarichter@frettabladid.is

Heiðar Ingi Svansson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda

MENNTAMÁL Heiðar Ingi Svansson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, segir hneyksli að Íslendingar láti framhaldsskólanemum eftir að greiða námsbókakost. Ísland er eina landið á Norðurlöndum þar sem ríkið greiðir ekki námsgögn fyrir nemendur á framhaldsskólastigi.

„Ég kem fyrst að þessu fyrir löngu síðan sem almennur bókaútgefandi og síðar námsbókaútgefandi," segir Heiðar Ingi. „Við vorum með öðruvísi fyrirkomulag þá varðandi grunnskólana, þegar Námsgagnastofnun keypti námsefni og þá var til fjármagn til að kaupa námsbækur af almennum útgefendum," segir hann. „Svo breyttist það fyrirkomulag og það fjármagn þynntist út. Ýmis stoðútgáfa sem útgefendur sinntu fyrir þetta skólastig datt upp fyrir í markaðsbresti sem kom til af því að ríkið skrúfaði fyrir fjármagn og efldi í stað eigin útgáfu í gegnum einokun Menntamálastofnunar."

Heiðar Ingi segist hafa verið bjartsýnn í upphafi, þegar hann tók fyrst við rekstri námsbókaútgáfunnar Iðnú fyrir ellefu árum. „Ég hélt að ég væri að horfa á eitt eða tvö ár með þetta úrelta fyrirkomulag," segir hann.

Heiðar Ingi segir að algjörlega skorti skilning og stefnu hvað varðar mikilvægi námsbóka fyrir námsárangur nemenda. „Síðan eru liðin mörg ár og lítið hefur gerst. Ég hef lært að reka fyrirtæki sem þarf að pluma sig með takmörkuðum útgáfustyrkjum frá ríkinu," segir hann.

„Mér hefur líka sviðið fáleti innan úr menntakerfinu. Innan kennaraforystunnar, sem hefur litið á málflutning okkar sem eitthvert prívat hagsmunamál, eða gert þetta að pólitísku máli um hvort ríkið ætti að sjá um útgáfu námsbóka fyrir framhaldsskólastigið. Umræðan ætti að snúast um hvað sé best fyrir okkur sem samfélag að gera."

Heiðar Ingi er um þessar mundir staddur í Osló að sækja ráðstefnu hjá helstu námsbókaútgefendum á Norðurlöndunum. „Ég mæti hingað með sömu glærurnar og síðast til að kynna stöðuna hér á landi," segir hann. „Þetta fyrirkomulag er ekkert annað en skattlagning á fjölskyldur og ungt fólk."

Fréttablaðið bíður svara frá mennta- og barnamálaráðuneytinu við fyrirspurn vegna málsins. ■

TikTok-æði veldur yfirliði barna

bth@frettabladid.is



Forstöðumaður félagsmiðstöðvar kennir TikTok um skaðlega tísku.

SAMFÉLAG Bylgja geisar nú um höfuðborgarsvæðið þar sem nemendur, einkum á efri stigum grunnskóla, herða að eigin öndunarvegi eða hvert annars með þeim afleiðingum að sum missa meðvitund. Hvatinn að leiknum er spenna og sókn í vímutilfinningu.

Í Austurbæjarskóla kom fram á foreldrafundi í gær að í árgangi 9. bekkjar hefðu fjórir nemendur fallið í yfirlið eða verið nálægt því eftir þennan leik.

Kyrkingarleikir hafa reglulega skotið upp kollinum undanfarna áratugi í þessum aldurshópi að sögn skólayfirvalda. Dauðsföll hafa orðið utan landsteinanna. Fyrir nokkrum árum lést til dæmis tólf ára drengur í Bodø í Noregi eftir þátttöku í leiknum.

Gissur Ari Kristinsson, forstöðumaður í félagsmiðstöðinni 101, segir að um ræði bylgju sem virðist hafa náð til flestra félagsmiðstöðva út um allt höfuðborgarsvæðið.

„Við erum að tala um hræðilegt TikTok-trend," segir Gissur og vísar til samfélagsmiðils sem ungmenni nota mikið. „Þetta er komið á það stig að við stefnum að því að ganga í bekki og fræða börnin um skaðsemina."

Gissur segir margt varasamt í gangi á samfélagsmiðlum barna, oftast án vitundar foreldra. „Eitt af því sem við þurfum að gera er að efla fjölmiðlalæsi og eiga jákvætt upplýst samtal við börnin." ■

Starfshópur átti að skila inn tillögum að úrbótum 1. júní árið 2021 . FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekkert standi í vegi fyrir takmarkandi ráðstöfunum

Starfshópur um happdrætti og fjárhættuspil hefur ekki skilað inn tillögum að úrbótum þrátt fyrir að upphaflegur frestur hafi runnið út fyrir rúmu ári. Formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn segir ekki boðlegt að bera fyrir sig tímaleysi í svo alvarlegum málum.

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Starfshópur um happdrætti og fjárhættuspil, skipaður af dómsmálaráðuneytinu, sem hefur það hlutverk að kanna mögulegar réttarbætur á sviði happdrættismála hefur ekki skilað tillögum til ráðherra. Fyrst stóð til að hópurinn skilaði tillögum eigi síðar en 1. júní árið 2021 en honum var veittur ótilgreindur frestur.

Samkvæmt skriflegu svari dómsmálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að fresturinn hafi ekki síst verið framlengdur vegna þess hversu umfangsmikið verkefni hópsins reyndist vera. Vonir standi til að tillögum verði skilað mánaðamótin september-október. Kostnaður við starfshópinn er rúmar þrjár milljónir króna.

Meðal þess sem starfshópnum er falið að athuga er að kanna leiðir til að koma á spilakortum, þar með talið í spilakössum, og hvernig rannsóknum á spilafíkn og ólöglegu fjárhættuspili skuli háttað.

Alma Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn (SÁS), segir ekki boðlegt að bera fyrir sig tímaleysi í eins alvarlegum málum og happdrættismálum. SÁS hafi lagt til að spilakössum verði lokað til frambúðar og það ekki að ástæðulausu.

> Klárlega er þá ástæða til að svipta umrædda aðila leyfum til rekstrs spilakassa.

Alma Hafsteinsdóttir, formaður SÁS

„Samtök áhugafólks um spilafíkn fagna allri umræðu og vinnu á happdrættismarkaði en það breytir ekki þeirri staðreynd að fyrir liggja staðreyndir um rekstur og skaðsemi spilakassa. Spurningin snýst því ekki um þekkingarleysi heldur viljaleysi," segir Alma.

Í því samhengi bendir hún á að niðurstöður starfshóps Háskóla Íslands, rekstraraðila Happdrættis Háskólans, sem lágu fyrir síðasta sumar hafi verið afgerandi þegar kemur að rekstri spilakassa og skaðsemi þeirra. Þar segir meðal annars:

„Þótt spurningin um það hvort reka eigi spilakassa sé torleyst, er þó óhætt að segja að ámælisvert væri að beita ekki öllum tiltækum ráðum til þess að tryggja ábyrga spilun og grípa tafarlaust til slíkra aðgerða. Vandséð er að samkeppnissjónarmið og mögulegt tekjutap dugi sem rök til að slá þeim á frest."

Alma segir að miðað við þessar alvarlegu niðurstöður og það hvernig rekstraraðilar og stjórnvöld dragi lappirnar þegar kemur að rekstri spilakassa spyrji hún sig hvort verið sé að tefja málið.

„Því spyrjum við okkur hvort Háskóli Íslands, HHÍ, Rauði krossinn á Íslandi og Landsbjörg séu hreinlega að tefja málið og þæfa til þess eins að geta haldið ótrauð áfram rekstri spilakassa í núverandi mynd?" spyr Alma en þeir aðilar sem hún telur upp eru rekstraraðilar spilakassa hér á landi.

Alma segir ekkert standa í vegi fyrir því að rekstraraðilarnir grípi til takmarkandi ráðstafana, til dæmis með því að taka upp spilakort. „Nema þá mögulega að eigendur spilakassa geri sér grein fyrir að með upptöku spilakorta muni þeir verða fyrir tekjutapi," segir hún.

„Þetta er ógeðfelld tilhugsun því á mannamáli þýðir hún að rekstraraðilar séu meðvitað tilbúnir að níðast á spilafíklum í hagnaðarskyni. Klárlega er þá ástæða til að svipta umrædda aðila leyfum til rekstrs spilakassa," bætir Alma við.

Alma segir lokun spilakassa tvímælalaust vera ábyrgustu afstöðuna. SÁS hafi engu að síður lagt fram aðrar tillögur auk spilakorta, svo sem að spilakassar verðir fjarlægðir úr nærumhverfi barna, ungmenna og við búsetukjarna viðkvæmra hópa.

„Ef stjórnvöld eru á hinn bóginn staðráðin í að fara ekki þessa leið væri eðlilegt að loka kössunum á meðan vinna við úrbætur færi fram," segir Alma. ■

KEMUR ÞÚ AF FJÖLLUM?

Íslensku fjöllin hafa mætt jafningja sínum. Gerðu ferðalagið algjörlega rafmagnað með Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid.

5 ÁRA ÁBYRGÐ | 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐUNNI | PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16 Jeep

BAUHAUS®

FLEIRI TILBOÐSVÖRUR MÁ FINNA AFTAR Í ÞESSU BLAÐI

30%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU FRÁ JOTUN

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

GILDIR AÐEINS Í 4 DAGA

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ NILFISK, KÄRCHER OG AVA

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

GILDIR AÐEINS Í 4 DAGA

Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 1. september til og með sunnudeginum 4. september

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegi 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Engar kvartanir vegna skipunar

bth@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Umboðsmaður Alþingis, Skúli Magnússon, segir að ekki hafi borist kvörtun til hans vegna skipunar Lilju Daggar Alfreðsdóttur ráðherra í stöðu þjóðminjavarðar.

Um það hvort umboðsmaður hyggist efna til frumkvæðisrannsóknar á stjórnsýslu Lilju segir Skúli: „Engin ákvörðun hefur verið tekin um það. En umboðsmaður fylgist með svona málum.“

Skúli Magnússon, umboðsmaður Alþingis

Skúli segir að svo virðist sem málið kunni að koma til umfjöllunar Alþingis, það er stjórnsýslu- og eftirlitsnefndar.

„Engin kvörtun vegna þessa máls hefur borist til umboðsmanns,“ segir Skúli.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst eru minni líkur en meiri á að mál Lilju muni koma til kasta umboðsmanns. Stjórnsýslufræðingar sem blaðið hefur rætt við telja að Lilja þurfi fyrst og fremst að sæta pólitískri ábyrgð fremur en lagalegri vegna skipunar sinnar sem hefur verið mótmælt með ýmsum hætti síðustu daga. ■

Flóttafólki komið fyrir án samráðs

helenaros@frettabladid.is

FLÓTTAFÓLK Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar segir að flóttafólki án samnings við bæjarfélagið hafi fjölgað um nokkur hundruð á síðustu vikum þrátt fyrir að því hafi ítrekað verið komið á framfæri við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið að bærinn geti ekki tekið á móti fleira flóttafólki í bili.

Þetta kemur fram í ályktun frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Hún segir bæinn kominn að þolmörkum, sérstaklega hvað stuðning barna varðar og að hátt í 200 flóttabörn séu nú í leik- og grunnskólum bæjarins.

Bæjarstjórnin krefst þess að ríkið taki ábyrgð í málinu. ■

Verð á sælgæti hærra í Fríhöfninni en í bænum þrátt fyrir engan skatt

Tíu algengar sælgætistegundir sem Fréttablaðið valdi af handahófi í verslun Fríhafnarinnar í Leifsstöð reyndust í öllum tilvikum vera dýrari en í lágvöruverðsverslunum á höfuðborgarsvæðinu.

ser@frettabladid.is

NEYTENDUR Almenningur á Íslandi og aðrir ferðamenn sem fara um Leifsstöð virðast ekki njóta þess að vörur sem ríkisvaldið býður upp á í Fríhöfninni bera engan virðisaukaskatt. Þær eru í mörgum tilvikum mun dýrari í verði en einkareknar lágvöruverðsverslanir á borð við Bónus, Krónuna og Costco á höfuðborgarsvæðinu bjóða viðskiptavinum sínum upp á, þótt þær verslanir þurfi að bæta opinberum álögum ofan á vöruverð sitt.

„Er ríkið ekki einfaldlega að okra á ferðamanninum?“ spyr Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss – og minnir á tilfinningu almennings sem fer um þessar verslanir hins opinbera sem kallast Duty Free upp á enska tungu. „Nafnið gefur fólki til kynna að það sé að gera góð kaup, en það er öðru nær þegar raunveruleikinn er skoðaður,“ bætir hann við.

Fréttablaðið gerði í ágúst verðkönnun á tíu algengum sælgætistegundum í Fríhöfninni í Leifsstöð og bar verðið á þeim saman við sömu vörur, eða mjög sambærilegar, í fyrrgreindum þremur sparbúðum í bænum.

Eins og meðfylgjandi tafla sýnir er sælgætið í öllum tilvikum dýrara í verði í Fríhöfninni en í bænum – og munar oft miklu, allt að fimmtíu prósentum eins og á við í tilviki þrjátíu stykkja pakkningar af Extra-tyggjói.

„Þetta er gífurleg álagning af hálfu hins opinbera,“ segir Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, „og algerlega út úr korti fyrir verslun sem þarf ekki að standa skil á virðisaukaskatti upp á 24,5 prósent,“ bætir hann við.

„Þetta er enn ein gildran sem neytendur á Íslandi þurfa að gæta sín á að falla ekki ofan í,“ segir Breki enn fremur.

Þorgerður Þráinsdóttir, framkvæmdastjóri Fríhafnarinnar sem rekin er af ríkisfyrirtækinu Isavia, segir ekkert einfalt svar vera við ástæðu þessa verðmunar. „En við erum í sjálfu sér ekki í samkeppni við verslanir hér innanlands heldur miklu fremur við aðrar fríhafnir í löndunum í kring,“ segir hún og bendir jafnframt á að á stundum sé ekki um sömu vörur að ræða. Fríhöfnin sé til dæmis að selja bandarískt M&M, en verslanir í bænum höndli með breska vöru af því tagi.

Rétt er að taka fram að verðkönnun blaðsins í Leifsstöð fór fram í Fríhöfninni í brottfararsal flugstöðvarinnar, en ætla má að verðlagningin sé sú sama í komusal hennar. ■



Á myndunum má sjá nokkur dæmi um verðmun á sælgæti í Fríhöfninni og í öðrum verslunum.

Verðmunur á sælgæti

Fríhöfnin í Keflavík		Höfuðborgarsvæðið	
Risa opal 100 g	349 kr.	Risa opal 100 g	298 kr.
Omnom-súkkulaði 60 g	699 kr.	Omnom-súkkulaði 60 g	695 kr.
Freyju-súkkulaði 100 g	359 kr.	Freyju-súkkulaði 100 g	259 kr.
Sambó-þristur 250 g	399 kr.	Sambó-þristur 250 g	387 kr.
Mini-Marz o.fl. 25 stk.	1.099 kr.	Mini-Marz o.fl. 71 stk.	1.679 kr.
Marabou-súkkulaði 250 g	599 kr.	Marabou-súkkulaði 250 g	545 kr.
Extra-tyggjó 30 stk.	2.599 kr.	Extra-tyggjó 30 stk.	1.729 kr.
Nóakropp 600 g	1.299 kr.	Nóakropp 900 g	449 kr.
M&M partýpoki 1 kg	1.999 kr.	M&M partýpoki 1 kg	1.349 kr.
Dumle-karamellur 350 g	1.299 kr.	Dumle-karamellur 270 g	495 kr.

> Er ríkið ekki einfaldlega að okra á ferðamanninum?

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss

ORMSSON
100 ára
SJERSTÖK AFMÆLISKJÖR
Í ORMSSONSVERZLUN

SHISEIDO
GINZA TOKYO

150 ÁRA SAGA NÝSKÖPUNAR Í JAPANSKRI HÚÐUMHIRÐU

Sönn fegurð er afrakstur sannrar ástríðu

ULTIMUNE
Okkar besta serum gegn öldrun húðarinnar

VITAL PERFECTION
Sérhannað til að lyfta og stinna

BENEFIANCE
Sérhannað til að draga úr hrukkum

150 YEARS OF JAPANESE SKINCARE INNOVATION

Shiseido fæst ekki í Spöng

20% afsláttur
af öllum Shiseido vörum
1. - 7. september

HAGKAUP

Ungverjar semja við Rússa um gas í trássi við ESB

kristinnhaukur@frettabladid.is

UNGVERJALAND Ríkisstjórn Ungverjalands hefur samið við rússneska gasfyrirtækið Gazprom um kaup á 5,8 milljörðum kúbikmetra af jarðgasi á dag til viðbótar við það sem Ungverjaland fær nú þegar. Þetta verður gert í gegnum gasleiðslu frá Serbíu.

Ungverjar vilja ekki banna rússneska ferðamenn.

Forseti landsins, Viktor Orban, hafði þegar gefið það í skyn að hann myndi semja við Rússa og hefur hafnað því að setja nokkurs konar efnahagsþvinganir tengdar gasi á Rússland.

Viktor Orban

Á fundi utanríkisráðherra ESB-ríkja í gær talaði Peter Szijarto, utanríkisráðherra Ungverjalands, gegn því að rússneskir ferðamenn myndu ekki fá vegabréfsáritanir eins og Finnar, Pólverjar og Eystrasaltsmenn hafa barist fyrir. Ungverjar hafa verið harðlega gagnrýndir fyrir að vera vilhallir Rússum. ■

Höfuðstöðvar leyniþjónustunnar.

Embættismenn grunaðir um njósnastarfsemi

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÞÝSKALAND Fjármálaráðuneyti Þýskalands hefur óskað eftir því að leyniþjónustan BfV kanni tvo starfsmenn sem grunur sé um að hafi tengsl við Rússland. Það er dagblaðið Die Zeit sem greinir frá þessu en umræddir starfsmenn eru þó ekki nafngreindir.

Ekki fundust neinar sannanir um njósnir.

Ráðuneytið tilkynnti starfsmennina fyrr á þessu ári, en þeir þóttu hafa talað máli Rússa í málum sem tengdust meðal annars þvingunaraðgerðum.

Samkvæmt Die Zeit var bakgrunnur þeirra kannaður, sem og ferðir og ýmis samskipti en engar sannanir fundust um njósnir eða spillingu. Fjármálaráðuneytið hefur ekki viljað tjá sig um málið en segist vera í góðum samskiptum við BfV, einkum í tengslum við orkumál. ■

Flokka hjálpargögn

Starfsmenn í Pakistan flokka hjálpargögn til að dreifa til þeirra sem hafa orðið fyrir flóðum í Karachi, stærstu borg Pakistan. Talið er að skyndiflóðin sem eru af völdum mikillar rigningar hafi kostað yfir þúsund manns lífið víðs vegar um landið síðan um miðjan júní. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA-EFE

Útboðsgjaldið á erlendar búvörur hækkaði um tugi prósenta í ágúst

Ríkið innheimtir nærri 60 prósentum hærra útboðsgjald fyrir erlent nautakjöt í ágúst miðað við apríl á þessu ári. Félag atvinnurekenda bendir á að núverandi kerfi sé ekki að virka.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Íslenskir framleiðendur kaupa upp stóran hluta tollkvótans frá Evrópusambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

NEYTENDUR Ríkið innheimtir allt að 58,8 prósentum hærra útboðsgjald af erlendum búvörum nú í ágúst miðað við apríl á þessu ári. Félag atvinnurekenda hefur sent matvælaráðuneytinu erindi þar sem kallað er eftir breytingum á kerfinu.

„Ef stjórnvöld vilja efla samkeppni og lækka vöruverð á tímum þar sem verðbólga er sú hæsta síðan á hrunárunum þá hlýtur ráðherra að bregðast við og gera breytingar á kerfinu," segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri félagsins, sem einnig hefur sent Samkeppniseftirlitinu erindi vegna málsins. Það er nú í ferli innan stofnunarinnar.

Ríkið innheimtir í ágúst 665 milljónir í útboðsgjald fyrir tollkvóta af búvörum frá Evrópusambandinu. Flestir vöruflokkar hafa hækkað og það ríflega.

Sem dæmi var gjaldið fyrir innflutning á nautakjöti 347 krónur á kílóið í apríl en nú er það 551 króna. Hækkun upp á 58,8 prósent. Gjald vegna svínakjöts hefur hækkað um 55,8 prósent og lífrænt alifuglakjöt 49,6 prósent.

Eini vöruflokkurinn sem hefur lækkað er pylsur, en hækkunin á öðrum flokkum hefur verið um 5 til 19,1 prósent. Það er alifuglakjöti, ostum, þurrkuðum og reyktum skinkum og annarri eldaðri kjötvöru.

„Innlendu framleiðendurnir eru

Þeir koma í veg fyrir innflutta samkeppni við eigin vörur og stýra þannig verðinu.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA

að bjóða mjög hátt í kvóta. Sérstaklega í svína- og kjúklingakjöti," segir Ólafur. „Þeir koma í veg fyrir innflutta samkeppni við eigin vörur og stýra þannig verðinu. Það getur aldrei verið gott fyrir neytendur."

Í útboðinu í ágúst gerðist það í fyrsta skipti að allur tollkvóti svínakjöts fór til innlendra framleiðenda. Það er Mata og Stjörnugríss.

„Þetta þýðir að sú mjög takmarkaða samkeppni sem innlend búvöruframleiðsla hefur frá innflutningi verður dýrari en ella og þjónar ekki þeim tilgangi sem lagt var upp með þegar samningurinn við Evrópusambandið var gerður. Það er að samkeppni myndi aukast og vöruverð lækka," segir Ólafur.

Félag atvinnurekenda bendir á að útboðsgjaldið hafi hækkað mikið undanfarin þrjú ár, en flakkað hafi verið milli tveggja aðferða við útboðið. Eldri aðferð þar sem hæstbjóðendur fengu úthlutað og jafnvægisútboð þar sem allir borga sama verð. Eldri aðferðin var tekin aftur upp í Covid sem aðferð til að verja innlenda framleiðslu.

„Það er deginum ljósara að þessi tímabundna aðgerð, að taka aftur upp eldri aðferð útboðs, skemmdi markaðinn," segir Ólafur. Gjald vegna lífræns alifuglakjöts hefur til dæmis hækkað um næstum 200 prósent á tímabilinu og svínakjöts um nærri 166 prósent.

Ólafur segir að stjórnvöld hafi ekki verið til viðræðu um að lækka tolla yfir línuna en aðrar leiðir er hægt að taka upp. Til dæmis hafi Félag atvinnurekenda og Neytendasamtökin lagt til blandaða leið útboðs byggða á hlutkesti og viðskiptasögu. Núverandi kerfi sé að minnsta kosti ekki að virka. ■

ENGLABÖRNIN
KRINGLUNNI
www.englabornin.is

Sífelld þróun fjölmiðla kallar á breytingar

Ragnar Jón Hrólfsson
ragnarjon@frettabladid.is

Hröð þróun hefur orðið á fjölmiðlamörkuðum síðustu ár og áratugi. Minnkandi lestur dagblaða samhliða minnkandi áhorfi á línulega dagskrá kallar á róttækar breytingar hjá flestöllum fjölmiðlum landsins.

Margir hafa spáð því að prentuð dagblöð muni hverfa með öllu á næstu árum en nýjustu rannsóknir sýna að breytingar á fjölmiðlum eru mun fjölbreyttari en svo að einungis einn miðill gefi eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FJÖLMIÐLAR Þróun fjölmiðla og fjölmiðlamarkaða hefur ekki hægt á sér síðustu ár og má færa rök fyrir því að sú þróun verði sífellt hraðari.

Ef horft er til aukinnar flóru innan markaða má sjá að fleiri valkostir eru nú í boði en nokkurn tímann áður í sögunni. Dagblöð, tímarit, netmiðlar, hlaðvörp og útvarp blandast saman í umhverfi þar sem sífellt fleiri miðlar færast inn á stafrænt form.

Aukin færsla yfir á stafrænt form, fallandi línulegt sjónvarpsáhorf og dreifing neyslu hefur gjörbreytt því umhverfi sem hefur verið ríkjandi undanfarna áratugi.

Prentaðir miðlar á undanhaldi

Lengi hefur verið talað um að dagar hins prentaða miðils séu liðnir en lestur á dagblöðum á síðustu áratugum hefur hríðfallið.

Ef skoðaðar eru tölur frá Gallup má sjá að vissulega hefur lestur dagblaða hrapað statt og stöðugt frá árinu 2008 og virðist það fall ekki vera að hægja á sér.

Til að mynda var lestur á Fréttablaðinu árið 2008 í kringum 65 prósent en á Morgunblaðinu í kringum 41 prósent. Þessar tölur eru komnar niður í 27,7 prósent fyrir Fréttablaðið nú árið 2022 og 17,4 prósent fyrir Morgunblaðið.

Fræðimenn sjá sömu þróun

Valgerður Jóhannsdóttir, lektor í fjölmiðlafræði, segir að þær breytingar sem eru að eiga sér stað bendi alls ekki til minnkandi neyslu á fjölmiðlum, fremur hins gagnstæða.

„Ef maður er að hugsa um fjölmiðlaneyslu og áhorf í víðum skilningi þá held ég að það sé bara að aukast," segir hún og bendir á að við erum í æ meira mæli sítengd fjölmiðlum. „Það er að verða æ stærri hluti af sólarhringnum sem við verjum í einhvers konar fjölmiðlaneyslu," segir hún.

Valgerður segir að augljóst sé að lestur dagblaða sé minnkandi og telur hún ólíklegt að sú þróun muni snúast við. „Við höfum séð að lestur á prentuðum dagblöðum hefur verið á stöðugri niðurleið í áratugi. Ég held að það sé ekki eitthvað sem komi til með að breytast. Ég held að yngri kynslóðir muni ekki taka upp á því að lesa prentuð dagblöð síðar meir," segir hún.

Valgerður bendir þó á að þrátt fyrir að þessar breytingar séu að eiga sér stað þurfi það alls ekki að þýða að fjölmiðlum fari hrakandi í upplýsingaveitu sinni. „Eitt af því sem rannsóknir hafa bent á er að það skiptir ekki endilega máli hvaða vettvang þú notar til þess að sækja fréttir og upplýsingar. Hvort það er prentað dagblað, sjónvarpsfréttir sem þú horfir á í sófanum klukkan sjö eða netmiðill af einhverju tagi. Svo lengi sem þú færð réttar upplýsingar," segir Valgerður.

Hún bendir þó einnig á að við lesum fjölmiðla á netinu á annan hátt en þá sem við lesum í prentuðu formi. „Þetta er yfirborðskenndara, þú skannar meira," segir hún.

Viðbrögð við breytingum

Jón Þórisson, forstjóri Torgs, tekur í sama streng og Valgerður og segir að þrátt fyrir að hinar hefðbundnu miðlunarleiðir séu á undanhaldi sé fjölmiðlaáhorf ekki að minnka. „Ef maður horfir yfir svið fjölmiðla er ekki hægt að segja að neysla á fjölmiðlum hafi dregist saman. Hins vegar má auðvitað segja að fjölmiðlum hafi fjölgað þannig að það liggur í hlutarins eðli að neysla á hvern einstakan fjölmiðil hefur kannski dregist saman," segir Jón en Torg ehf., sem gefur út Fréttablaðið, hefur tekið mið af þeim minnkandi lestri sem greinst hefur hjá lesendum.

Jón segir að fjölmiðlar verði að vera óhræddir við að skoða nýjar leiðir til útgáfu. „Sem dæmi má nefna BT, sem ætlar að hætta útgáfu blaðsins á prenti og gefa út eingöngu á rafrænu formi. Þeir verða þá ekki endilega vefmiðill heldur yrði uppsetning blaðsins nákvæmlega sú sama og hún hefði verið á prenti," segir hann.

„Það er mjög athyglisverð tilraun og ég hef fulla trú á að þeim muni takast að halda þeirri útgáfu áfram," segir Jón og bætir við: „Þá er eðlilegt að menn spyrji hvort það sé eitthvað sem gæti gerst á okkar miðli. Við verðum að horfast í augu við það að á einhverjum tímapunkti í framtíðinni mun Fréttablaðið, sem ber ægishjálm yfir aðra miðla hér á landi hvað varðar útbreiðslu og lestur, hætta að koma út á prenti."

Stefán Eiríksson útvarpsstjóri segir að RÚV hafi nýverið samþykkt á fundi í júní stefnu RÚV til næstu ára og að hún verði kynnt á Útvarpsþingi sem haldið verður 22. september.

„Í fyrri stefnu var einmitt verið að horfa til þeirra miklu breytinga sem orðið hafa í umhverfi fjölmiðla á síðustu árum, og á grunni þeirrar vinnu sem og áframhaldandi greiningar með fjölbreyttum hætti var unnið að nýrri stefnu," segir Stefán og tekur fram að stefnuáherslur RÚV séu margvíslegar. „Þær eru áframhaldandi stafræn þróun RÚV, fréttir og þjóðfélagsrýni, menning og miðlun, fjölbreytileiki, jafnræði og þátttaka allra og loks sjálfbær þróun og samfélagsleg ábyrgð." Með þessu verði unnið að áframhaldandi styrkingu miðilsins til að viðhalda áhorfi og upplýsingagjöf til almennings. ■

Tölur um almennt sjónvarpsáhorf Íslendinga

	Sjónvarpið 12-80 ára	12-49 ára	18-34 ára	Stöð 2 12-80 ára	12-49 ára	18-34 ára
Apríl 2013	67,2	59,1	53,6	46,5	42,1	39,0
Apríl 2014	62,2	52,5	48,1	41,8	36,4	33,5
Apríl 2015	61,1	54,0	50,6	44,7	38,5	38,4
Apríl 2016	63,6	55,2	50,3	38,9	32,2	33,8
Apríl 2017	61,7	53,3	47,6	37,0	29,3	28,2
Apríl 2018	54,5	43,1	37,3	35,7	26,9	21,9
Apríl 2019	52,1	42,1	36,9	31,9	23,2	21,6
Apríl 2020	60,1	47,1	40,9	36,5	25,3	21,6
Apríl 2021	52,5	40,4	34,2	17,0	13,8	12,9
Apríl 2022	46,8	34,2	28,9			
Samdráttur	30%	42%	46%	63%	67%	67%
				22%	40%	45%

Jón Þórisson, forstjóri Torgs ehf.

Stefán Eiríksson, útvarpsstjóri

Sjónvarpsáhorf minnkar einnig

Mikið hefur verið hamrað á þeirri staðreynd að lestur á dagblöðum fari minnkandi en ef skoðaðar eru tölur um sjónvarpsáhorf einstaklinga almennt kemur í ljós að slíkt áhorf fer einnig minnkandi.

Samkvæmt tölum sem fengnar voru hjá Gallup hefur sjónvarpsáhorf almennt hrunið á síðustu árum. Tölurnar sem hér birtast eiga við almennt áhorf einstaklinga á sjónvarp sem nemur 5 mínútum eða meira á sama sólarhringnum.

Tekið var mið af aprílmánuði síðustu 10 árin en árið 2013 mældist sjónvarpsáhorf 67,2 prósent meðal markhópsins 12-80 ára hjá Ríkissjónvarpinu en 46,5 prósent í sama markhópi hjá Stöð 2. Árið 2021 var þessi tala komin niður í 52,5 prósent hjá Ríkissjónvarpinu en 17 prósent hjá Stöð 2 sem sýnir að mikil minnkun hefur átt sér stað.

Sérstaklega mikið hrun hefur orðið í áhorfi á miðil Stöðvar 2. Áhorf hrynur frá apríl 2020 til 2021 úr 36,5 prósentum niður í 17 prósent. Hrunið má mögulega skýra með þeirri ákvörðun að hætta að senda út fréttatíma Stöðvar 2 í opinni dagskrá.

Þannig eru það ekki einungis lestrartölur dagblaðanna sem hafa lækkað heldur hafa almennar áhorfstölur á sjónvarpsmiðla einnig lækkað.

Ársskýrsla Fjölmiðlanefndar 2021

Í skýrslu um miðlalæsi á Íslandi sem unnin var af Fjölmiðlanefnd árið 2021 má sjá margar af þeim breytingum sem orðið hafa á fjölmiðlamörkuðum. Könnunin var framkvæmd af Maskínu fyrir Fjölmiðlanefnd.

- Í heildina sagðist 47,1 prósent þátttakenda nota hlaðvörp vikulega eða oftar. Þeir sem nýta sér hlaðvörp eru aðallega tekjuhærri einstaklingar og þeir sem hafa meiri menntun.
- Þrátt fyrir minnkandi hlutdeild dagblaða, sjónvarps og útvarps voru þessi miðlar þó oftast nefndir sem mikilvægustu fréttamiðlarnir að mati þátttakenda. Þetta bendir til þess að hefðbundnar tegundir miðla njóti enn virðingar þó að notkun þeirra fari minnkandi.
- Langflestir, eða 86,4 prósent þátttakenda, nefndu þó fréttamiðil á netinu sem miðil sem notaður var til að nálgast fréttir deginum fyrir könnunina.
- Einungis 26,9 prósent þátttakenda sögðust hafa notað dagblað deginum áður til þess að nálgast fréttir.
- Í yngsta aldursflokknum sögðust 92,5 prósent hafa notað samfélagsmiðil á síðastliðnum 30 dögum til að nálgast fréttir.

Ég held að yngri kynslóðin muni ekki taka upp á því að lesa prentuð dagblöð síðar meir.

Valgerður Jóhannsdóttir, lektor í fjölmiðlafræði

HÓPFERÐIR Á

ANFIELD

YOU'LL NEVER WALK ALONE

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á **VISITOR.IS**

20. - 23. JANÚAR

LIVERPOOL VS CHELSEA

VERÐ FRÁ **179.900KR.** Á MANN
MIÐAÐ VIÐ 2 SAMAN Í HERBERGI.

10. - 13. FEBRÚAR

LIVERPOOL VS EVERTON

VERÐ FRÁ **169.900KR.** Á MANN
MIÐAÐ VIÐ 2 SAMAN Í HERBERGI.

3. - 6. MARS

LIVERPOOL VS MAN. UTD

VERÐ FRÁ **189.900KR.** Á MANN
MIÐAÐ VIÐ 2 SAMAN Í HERBERGI.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á **VISITOR.IS**

17. - 20. MARS

LIVERPOOL VS FULHAM

VERÐ FRÁ **169.900KR.** Á MANN
MIÐAÐ VIÐ 2 SAMAN Í HERBERGI.

PÁSKAFERÐ

7. - 10. APRÍL

LIVERPOOL VS ARSENAL

VERÐ FRÁ **189.900KR.** Á MANN
MIÐAÐ VIÐ 2 SAMAN Í HERBERGI.

Visitor

FERÐASKRIFSTOFA

Hamraborg 20a • Sími 578 9888 • hopar@visitor.is

PLAY

Flug með PLAY, innrituð taska, gisting með morgunverði,
miði á Anfield í Anfield Road Lower stúkunni, rúta til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Sveinn Sölvason, forstjóri Össurar, segir sögu fyrirtækisins einkennast af innri vexti og kaupum á fyrirtækjum sem passa inn í skýra stefnu. FRÉTTABLAÐIÐ/AÐSEND

Rétti tíminn fyrir Össur til að sækja fram

Forstjóri Össurar segir kaupin á bandaríska stoðtækjafyrirtækinu Naked Prosthetics hluta af sókn Össurar inn á nýja markaði. Þrátt fyrir ytri áskoranir í umhverfi fyrirtækisins að undanförnu sé bæði mikilvægt og tímabært að sækja fram.

ggunnars@frettabladid.is

Heilbrigðistæknifyrirtækið Össur gekk í vikunni frá kaupum á fyrirtækinu Naked Prosthetics. Bandaríski stoðtækjaframleiðandinn sérhæfir sig í tækni fyrir einstaklinga sem misst hafa framan af fingri eða hluta af hendi. Kaupin vöktu athygli þar sem Össur hefur að undanförnu glímt við áskoranir í kjölfar heimsfaraldurs og stríðs í Úkraínu.

Sveinn Sölvason, forstjóri Össurar, segir að þrátt fyrir áskoranir síðustu ára sé þetta góður tímapunktur til að sækja fram og breikka vöruframboð fyrirtækisins. Það sé það sem vaki fyrir stjórnendum fyrirtækisins með kaupunum.

„Við erum að komast út úr tímabili þar sem Covid hefur haft mikil áhrif á alla starfsemi fyrirtækja og aðfangakeðjur. Það hefur skapað heilmikla undirliggjandi eftirspurn. Þótt við siglum ekki alveg lygnan sjó hvað það varðar þá er þetta að mörgu leyti góð tímasetning."

Enda segir Sveinn það í anda Össurar að sækja stöðugt fram.

„Ef við horfum á sögu Össurar þá hefur hún verið blanda af innri vexti og kaupum á fyrirtækjum sem passa inn í okkar stefnu. Þarna erum við að kaupa gott fyrirtæki sem býr til mekaníska fingur og það breikkar enn frekar okkar vöruframboð."

> Þörfin er þarna og Össur er í sterkri stöðu til að mæta þessari þörf.
>
> Sveinn Sölvason, forstjóri Össurar

Sveinn segir Össur markvisst vera að sækja í sig veðrið á nýjum mörkuðum og þetta sé liður í þeirri vinnu.

„Það eru ekki nema nokkur ár síðan Össur fór úr því að framleiða eingöngu stoðtæki fyrir þá sem hafa misst fætur og yfir í að þróa og framleiða lausnir fyrir þá sem hafa misst hendur. Með þessum kaupum erum við að styrkja enn frekar vöruframboðið fyrir þennan nýja notendahóp."

En Sveinn segir Össur ekki bara horfa til þess að breikka vöruframboðið heldur horfi fyrirtækið líka til þess að sækja af meiri krafti inn á markaði í löndum þar sem þörfin fyrir stoðtæki er hvað mest.

„Í grunninn erum við að vinna á markaði þar sem þörfin er skýr. Ef við horfum á hinn vestræna heim, þar sem heilbrigðiskerfin eru sterk, þá vitum við að þar er mikill vilji og geta til að borga fyrir þjónustu og tæki. Enda kemur langstærsti hluti okkar tekna þaðan. En ef við horfum svo til landa sem búa ekki eins vel þá vitum við að okkar bíður risastórt verkefni á næstu árum. Sem er að tryggja fleira fólki aðgengi að stoðtækjum. Þar eru bæði áskoranir og tækifæri framtíðarinnar."

Sveinn segir að þar skorti nær öll bjargráð fyrir einstaklinga sem þurfa á stoðtækjum að halda og Össur vilji taka þátt í því risastóra verkefni.

„Þörfin er þarna og Össur er í sterkri stöðu til að mæta þessari þörf," segir Sveinn Sölvason. ■

Fasteignasalar finna að markaðurinn er að hægja á sér

magdalena@frettabladid.is

Fasteignasalar hafa fundið fyrir því að fasteignamarkaðurinn sé að hægja á sér eftir að hafa verið ansi fjörugur undanfarin misseri. Þetta segir Monika Hjálmtýsdóttir, varaformaður Félags fasteignasala, en hún var gestur í Markaðnum sem sýndur var á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í gærkvöldi.

„Við finnum að markaðurinn er að hægja á sér enda er hann búinn að vera ansi fjörugur í dágóðan tíma en eins og við lítum á þetta þá er markaðurinn meira að færast í eðlilegt horf. Það er svona okkar tilfinning," segir Monika og bætir við að það helsta sem bendi til þess sé að sölutími eigna sé að lengjast.

„Við finnum vel að sölutími eigna er að lengjast og ég hugsa að þetta framboð sem núna er sé skyndilegt. Það er ekki að koma til nú vegna mikillar fjölgunar íbúða í sölu. Þetta er bara vegna þess að sölutíminn er að lengjast sem þýðir að það eru fleiri eignir í sölu á hverjum tíma."

Monika segir að hún telji ósennilegt að fasteignaverð muni koma til með að lækka á komandi misserum.

„Mér finnst það ekki líklegt. Mér finnst í rauninni engar forsendur benda til þess miðað við núverandi aðstæður. Við erum enn í miklum skorti á fasteignum, það hefur ekkert breyst. Við erum ekki að sjá mikið af nýjum íbúðum koma inn. Þannig að ég sé ekki að það sé í stöðunni að það sé að fara að lækka."

Monika segir að ef horft sé yfir lengra tímabil sé framboð af fasteignum ekki nógu mikið. „Við erum að upplifa miklar sveiflur og ástæðan fyrir því að þetta er að hægjast núna hefur voða lítið með framboð og eftirspurn að gera. Það hefur að gera með ytri áhrif og ytri inngrip sem eru að valda þessari stöðu."

Monika segir að þó svo einhverjar íbúðir séu að koma inn sé það ljóst að framboðið sé alls ekki nóg og líkur séu á að það verði ekki nóg næstu þrjú til fjögur árin.

Monika Hjálmtýsdóttir, varaformaður Félags fasteignasala.

„Það hefur ekkert breyst og við sjáum bara að fyrir örfáum mánuðum var mikill skortur og mikil eftirspurn. Þá lá ljóst fyrir að það er mikill skortur á framboði og það hefur ekkert breyst. Við þurfum talsvert meira framboð, eða um 4.000 til 5.000 íbúðir á ári."

Monika bætir við að fasteignasalar vilji alls ekki hafa markaðinn eins og hann hefur verið á undanförnum misserum en miklar hækkanir hafa einkennt hann.

„Ég vona ofboðslega mikið að markaðurinn nái jafnvægi. En ég veit að til að svo verði þá er ekki hægt að bregðast við þessum sveiflum endalaust og í sífellu vera að örva þetta og kæla með ytri aðgerðum," segir Monika og bætir við að fasteignasalar vilji sjá alvöruaðgerðir af hálfu stjórnvalda. „Við viljum sjá alvöru aðgerðir í þessum málum hjá stjórnvöldum til að koma þessum markaði, sem skiptir alla máli, í öruggt kerfi sem við getum treyst að sé gott." Monika segir þar að auki að fasteignasalar vilji umfram allt sjá markaðinn komast í eðlilegan farveg.

„Við fasteignasalar viljum alls ekki hafa markaðinn svona. Við viljum bara að þetta sé eins og á að vera og í eðlilegum farvegi þar sem framboð og eftirspurn ráða. Það er, nógu mikið af eignum að selja og að fasteignaverð sé í takt við verðlag." ■

Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 1.–4. september

Lamba-læri

1.424 kr/kg

~~1.899 kr/kg~~

Ferskur ananas

209 kr/kg

~~299 kr/kg~~

Mangó

449 kr/kg

~~599 kr/kg~~

Helgarsteik, kalkúnalæri með beini

1.979 kr/kg

~~3.299 kr/kg~~

Folaldakjöt, reykt, með beini

839 kr/kg

~~1.199 kr/kg~~

Grísakótilettur í raspi

1.739 kr/kg

~~2.899 kr/kg~~

Nautgripahakk, 500 g

839 kr/pk

~~1.049 kr/pk~~

Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

BAUHAUS®

GILDIR AÐEINS Í 4 DAGA

30%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU FRÁ JOTUN

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

JOTUN

BAUHAUS Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 1. september til og með sunnudeginum 4. september

MÁNUDAGA–FÖSTUDAGA KL. 8:00–19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00–18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00–18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800

BAUHAUS
VIÐ JÖFNUM VERÐIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS

Hjá BAUHAUS færðu kerru lánaða án endurgjalds

GILDIR AÐEINS Í 4 DAGA

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU FRÁ NAPOLEON OG TRAEGER

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

TRAEGER
WOOD FIRED GRILLS

NAPOLEON

GILDIR AÐEINS Í 4 DAGA

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ NILFISK, KÄRCHER OG AVA

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

AVA
KÄRCHER
makes a difference
Nilfisk

Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 1. september til og með sunnudeginum 4. september

BAUHAUS

BAUHAUS®

GILDIR AÐEINS Í 4 DAGA

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STURTUSETTUM OG HANDLAUGARTÆKJUM FRÁ ADORA

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

GILDIR AÐEINS Í 4 DAGA

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ HIKOKI

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

GILDIR AÐEINS Í 4 DAGA

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU FRÁ PCI

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

BAUHAUS® Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 1. september til og með sunnudeginum 4. september

MÁNUDAGA–FÖSTUDAGA KL. 8:00–19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00–18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00–18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800

BAUHAUS
VIÐ JÖFNUM VERÐIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS

GILDIR AÐEINS Í 4 DAGA

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU FRÁ ORTHEX

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

GILDIR AÐEINS Í 4 DAGA

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HILLUM FRÁ REGALUX

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

Tilboðin gilda eingöngu frá fimmtudeginum 1. september til og með sunnudeginum 4. september

BAUHAUS

Pólitísk leiðindi

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Það mikilvæga í íslenskri pólitík – og raunar stjórnmálum hvar sem er á jörðinni – er að hún sé kraftmikil og hispurslaus, og tali bæði af viti og sannfæringu, segi svo sannarlega það sem hún meinar – og það má stundum vera óþægilegt, jafnt inn á við og út á við.

En þetta gerir pólitíkin sjaldnast. Henni er lagið að fara á sjálfstýringuna, ef ekki heima í sófa, þá á gólfinu þar fyrir framan þar sem hreyfingin er einkum og sér í lagi fólgin í því að elta skottið á sjálfri sér.

Og pólitík þarf á skoðanaskiptum að halda, hörðum og efnislegum snerrum þar sem hvína má í tálknum um leiðir og stefnur án þess að hnjóðsyrði falli um persónur og leikendur, enda ber að líta á það sem aðal allra lýðræðisríkja að fólki leyfist að hafa ólíkar skoðanir. En þar er raunar dýnamíkin í öllum tilþrifamestu samfélögunum komin, sjálft töfrandi tjáningarfrelsið.

En því er á þetta minnst að þróttinn skortir í stjórnmálaumræðuna hér á landi. Nú um stundir – og svo hefur verið alllengi, er hún tilþrifameiri og röggsamlegri utan flokkanna en innan þeirra, svo og á milli þeirra. Skeytasendingarnar hafa færst úr þingsölum og ráðhúsum yfir á samfélagsmiðla þar sem menn fá það miklu fremur óþvegið en inni í sótthreinsuðu fundarherbergjunum.

Kannski kemur þetta til af því að öfgar stjórnmálanna hafa mildast og róast á undanliðnum árum þar sem vinskapur stjórnmálamanna er tekinn fram yfir væringar og heift. Og atvinnupólitík sé orðin svo þægileg innivinna að menn nenni ekki lengur nokkru rausi.

En ástæðan er vísast líka sú að pólitíkin þorir ekki lengur að skora sjálfa sig á hólm, virða sjálfa sig fyrir sér í speglinum og spyrja, fyrir hvað stend ég?

Blessunarlega varð til Sósíalistaflokkur á Íslandi fyrir fáeinum misserum. Hann hefur hrist upp í umræðunni. Og boðað hressilega róttækni. Af henni stafar pólitískt fjör.

En það sama verður ekki sagt um hægri kantinn á íslenskum stjórnmálavæng. Hann er sofnaður. Þar er bara ekkert að gerast. Eiga landsmenn enn þá alvöru hægriflokk sem boðar báknið burt og alvöru skattalækkanir til handa almenningi og atvinnulífi? Nei, svarið er afdráttarlaust.

Pólitíkin er hætt að anda hægra megin við miðju. Og það er veruleiki sem gerir stjórnmálin hér á landi óspennandi og leiðinleg. ■

> Pólitíkin er hætt að anda hægra megin við miðju.

Halldór

Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Bent á þann næsta

Í gær var sagt frá því í Fréttablaðinu að yfir 100 skyndileg dauðsföll verði hér á landi á hverju einasta ári. Það þýðir að einhver tekur sitt eigið líf, deyr í slysi, verður bráðkvaddur og svo framvegis. Enginn er til að grípa syrgjendur og verkefnið Hjálp48 hefur verið sett á laggirnar til að aðstoða á fyrstu 48 klukkutímunum frá andláti. Verkefni sem er þarft og nauðsynlegt enda kom fram í greininni að þeir sem eiga að grípa þá sem syrgja beina fólki frá og benda á þann næsta sem bendir á þann næsta og svona heldur keðjan áfram þar til syrgjandinn gefst upp og heldur áfram með lífið á hnefanum.

Kunnugur staðháttum

Ísland er pínulítið land. Það þekkja nánast allir alla. Svona hér um bil. Skyndilegur dauði hefur áhrif á svo ótrúlega marga sem hér búa. Og það er ekki nema að viðkomandi þekki einhvern sem er kunnugur staðháttum í kerfinu sem viðkomandi er gripinn. Það er gjörsamlega óþolandi. Samt eru trúlega ótrúlega margir að þiggja peninga frá ríkinu og segjast vera að veita einhverskonar sálúhjálp en eru í raun ekki að gera það. Kerfið er orðið að svo stóru bákni að það er orðið óþolandi – líka fyrir þá sem deyja. ■

Sorgarmiðstöð

Alma Möller
landlæknir

Sorgarmiðstöð varð til með samruna fjögurra grasrótarfélaga og sjálfboðaliða árið 2019 þegar sérfræðingar og eldhugar frá Nýrri dögun, Ljónshjarta, Birtu og Gleym mér ei, sameinuðu krafta sína, þekkingu og reynslu. Þann 12. september 2019 tók Sorgarmiðstöð formlega til starfa í Lífsgæðasetri St. Jó. í Hafnarfirði og heimasíðan, sorgarmidstod.is, var opnuð.

Sorgarmiðstöð vinnur að því að samræma úrræði fyrir syrgjendur, efla samfélagsumræðu um sorg, stuðla að skilvirkari upplýsingagjöf og ráðgjöf ásamt því að almennt gæta hagsmuna þeirra sem syrgja. Sem dæmi þá gekkst Sorgarmiðstöð fyrir ráðstefnu um skyndilegan missi þann 31. ágúst þar sem rætt var hvernig hægt er að gera enn betur fyrir syrgjendur sem missa ástvin óvænt.

Mikilvægt er að hafa í huga að sorgin er eðlilegt viðbragð með margvíslegri birtingarmynd og stigum tilfinninga, allt frá afneitun, reiði og jafnvel sektarkennd, til úrvinnslu, sáttar og skilnings. Flestir ná að aðlagast breyttum veruleika með tímanum, en aðrir þurfa að upplifa og takast á við langvinna sorg með tilheyrandi skerðingu á lífsgæðum.

Rannsóknir benda til að þeir sem upplifa mikla sorg geti verið í aukinni áhættu á ýmsum geðröskunum, t.d. þunglyndi, kvíða, sjálfsvígshugsunum og áfallastreituröskun sem og líkamlegum sjúkdómum, einkum hjarta- og æðasjúkdómum. Landlæknir fékk þann heiður að vera verndari Sorgarmiðstöðvar og með því er áréttað að stuðningur við syrgjendur falli undir forvarnir og þar með lýðheilsu.

Því er mikilvægt að syrgjandi fái viðeigandi stuðning, í fyrstu til dæmis frá nærumhverfi, presti eða Sorgarmiðstöð. Ef um alvarleg einkenni er að ræða þarf úrræði fagaðila og brýnt að stjórnvöld haldi áfram þeirri vegferð að efla heilsugæslu og aðgengi að sálfræðiþjónustu. Nýsamþykkt lög um sorgarorlof er dæmi um það sem vel er gert. Starfsemi Sorgarmiðstöðvar er afar mikilvæg og hægt að kynna sér fræðsluefni og hvaða þjónusta er í boði á sorgarmidstod.is. Hér með eru færðar þakkir fyrir hið góða starf Sorgarmiðstöðvar. ■

> Nýsamþykkt lög um sorgarorlof er dæmi um það sem vel er gert.

Akureyrarbær

Gestaíbúð í Davíðshúsi:

stendur skáldum, rithöfundum og öðrum listaeða fræðimönnum til tímabundinnar dvalar gegn vægu gjaldi. Í umsóknum komi m.a. fram:

a) stutt kynning á umsækjanda
b) að hverju umsækjandi hyggst vinna,
c) æskilegt tímabil og tímaskeið dvalar,

Umsóknarfrestur vegna afnota á árinu 2023 er til 30. september n.k.

Allar nánari upplýsingar veitir umsjónarmaður íbúðarinnar Þórður Sævar Jónsson, s.: 6631306; thordurs@amtsbok.is

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* , Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* . Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
VEFSTJÓRI: Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Pólitísk straumhvörf

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, varaformaður forystuflokks ríkisstjórnarinnar, sendi kjósendum þau skýru skilaboð frá fundi VG á Ísafirði um síðustu helgi að flokkurinn vildi annars konar ríkisstjórn eftir kosningar.

Erfitt er að draga aðra ályktun af þessum skilaboðum en þá að ríkisstjórnarsamstarfið þjóni hvorki málstað kjósenda flokksins né hagsmunum þjóðarinnar.

Eplið er að hans mati orðið súrt. En samt telur hann rétt að það standi í þjóðinni þrjú ár til viðbótar.

Stjórninni slitið með þriggja ára fyrirvara

Með öðrum orðum: Valdahagsmunir víkja hugsjónum og þjóðarhagsmunum til hliðar næstu þrjú ár. En stjórnarsamstarfinu er slitið með þriggja ára fyrirvara.

Þessi yfirlýsing markar óneitanlega pólitísk straumhvörf.

Þegar VG gekk til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn fyrir fimm árum fólst í því skrefi það mat að Samfylkingin væri óþörf í samstarfi til að ná fram hugsjónum félagshyggju. Fyrir ári voru þau skilaboð endurtekin.

Nú er þetta mat gjörbreytt. Næst ætlar VG ekki í ríkisstjórn nema Samfylkingin verði þar.

Þetta gerist í beinu framhaldi af því að breið samstaða myndaðist í Samfylkingunni um að velja Kristrúnu Frostadóttur sem leiðtoga á landsfundi í næsta mánuði. Hún ætlar að sigla Samfylkingunni eftir nýju striki.

Sama uppskrift og VG notaði

Samkvæmt þessari nýju línu ætlar Samfylkingin að tala um færri mál en áður. Fyrst og fremst stóraukin útgjöld til heilbrigðismála og svo víðtækari og hærri vaxtabætur og barnabætur. Um leið á að hvíla mál eins og réttlæti í sjávarútvegi, Evrópusamstarf og nýja stjórnarskrá.

Í viðtali í Dagmálum sagði nýi formaðurinn að tekna ætti að afla með samtali um jafnaðarstefnuna þannig að hátekjufólk og eignafólk öðlaðist skilning á gildi þess að leggja meira til samfélagsins. Ef rétt er skilið koma hærri eignaskattar og tekjuskattar til framkvæmda þegar þeir sem borga eiga brúsann hafa náð þeim skilningi.

Athyglisvert er að þetta er nánast sama málefnalega uppskriftin og VG notaði þegar stofnað var til núverandi ríkisstjórnarsamstarfs. Helsti munurinn er sá að Samfylkingin virðist ekki ætla

að hafa loftslagsmál á lista yfir forgangsverkefni.

Hún breytir ekki um stefnu í loftslagsmálum, en öðrum verður látið eftir að tala fyrir þeim eins og Evrópumálum og réttlæti í sjávarútvegi.

Opnar læst hlið

Þetta þýðir að málefnalegt samstarf VG og Samfylkingar verður nánast vandamálalaust. Þó að Sósíalistaflokkurinn nái inn á þing þurfa þessir flokkar að stækka verulega til að geta myndað vinstri stjórn.

Fækkun stórra kjarnamála á forgangslista Samfylkingar opnar líka annað hlið, sem nú er læst: Þegar VG fer út úr núverandi samstarfi eftir þrjú ár getur Samfylkingin nánast gengið inn í það óbreytt.

Sjálfstæðisflokkurinn yrði þó væntanlega að gefa meira eftir í útgjöldum til heilbrigðismála. Á móti þyrfti hann ekki að hafa áhyggjur af sjávarútvegsmálum, Evrópumálum og stjórnarskrá.

Krefjist Samfylkingin ekki skattahækkana fyrr en síðar ætti þetta að ganga upp pólitískt þó að það standist ekki efnahagslega.

Miðjustjórn sýnist vera fjarlægari en áður, en kannski ekki útilokuð. Þó að slík stjórn tæki velferðarmálin föstum tökum er ólíklegt að í því pólitíska mengi yrði samstaða um að skjóta öðrum kjarnamálum samfélagsins á frest.

Kyndugt stöðumat

Það er hyggilegt hjá Samfylkingunni að setja „nýju stjórnarskrána“ upp á hillu.

Hitt eru mikil tíðindi þegar jafnaðarmannaflokkur endurskilgreinir sig með því að setja Evrópumálin á hilluna einmitt þegar skoðanakannanir sýna á ný að meirihluti þjóðarinnar er fylgjandi aðild.

Evrópusamstarfið hefur fært aðildarþjóðunum aukinn jöfnuð um leið og það hefur styrkt samkeppnishæfni og frjáls viðskipti. Ísland þarf nú á hvoru tveggja að halda.

Á sama hátt er athyglisvert að aukin áhersla á jöfnuð kalli á að krafan um réttlæti í sjávarútvegi verði lögð til hliðar einmitt þegar VG og Framsókn eru að reyna að brjóta rammann, sem stjórnarsamstarfið hefur sett þeim á því sviði.

Málefnalega er þetta kyndugt stöðumat. En það er klókt að því leyti að Samfylkingin opnar með þessu hliðið í hina áttina að staðgengilshlutverkinu þegar VG yfirgefur stjórnarsamstarfið. ■

Íslenskur lax og „íslenskur lax“

Elvar Örn Friðriksson
framkvæmdastjóri Verndarsjóðs villtra laxastofna, NASF

Nýlega gaf Matvælastofnun það út að ekki mætti selja eldislax sem íslenskan lax. Sjá frétt Fréttablaðsins frá 24. ágúst. Einungis má nota afurðarheitið íslenskan lax yfir laxa sem veiddir eru á stöng eða í net á Íslandi. Það var afar ánægjulegt að heyra þetta og gríðarlega mikilvægt að leyfa ekki eldisfyrirtækjum að komast upp með að blekkja neytendur.

Lax sem er alinn í sjókvíum á Íslandi er allur af norskum uppruna. Eldislaxinn hefur verið kynbættur áratugum saman til þess að stækka hratt, fitna hratt og komast sem hraðast á disk neytenda. Á Íslandi hafa verið villtir laxastofnar frá síðustu ísöld. Laxastofnar sem hafa aðlagast erfiðum aðstæðum í þeim ám sem þeir kalla heimili sitt. Strokulaxar af norskum uppruna úr sjókvíaeldi eru stærsta ógnin við þessa viðkvæmu stofna og því er það ekkert annað en móðgun að selja þann lax sem íslenskan lax.

Mikil blekking er falin í sölu á sjókvíaeldislaxi. Orð sem gjarnan eru notuð í merkingum á eldislaxi eru til dæmis „sjálfbær“, „vistvænn“, „náttúrulegur“ og svo auðvitað „íslenskur“. Því miður eru öll þessi orð ekkert annað en fyrirsláttur þegar um er að ræða sjókvíaeldislax.

Nýlega var ég staddur á Keflavíkurflugvelli og sá þar lax til sölu. Umbúðirnar voru eins og svo margt annað þar ætlaðar til að fá erlenda ferðamenn til þess að kaupa „hreina“ íslenska vöru. Þar mátti sjá fallega mynd af Fossálum í Skaftárhreppi en augljóslega kemur sjókvíaeldislax ekki þaðan, og ýmsar fullyrðingar sem voru vægast sagt

vafasamar. Á pakkanum stóð „Arctic Salmon“ (tegundarheiti sem einfaldlega er ekki til), „100% naturally raised“ og „eco sustainable“. Við nánari athugun kom í ljós að þessi lax er frá sjókvíaeldisfyrirtækinu Arnarlaxi. Nafnið Arnarlax kom hvergi fram á pakkningunum, en þess í stað var QR-kóði og vefsíðan arcticsalmon.is. Við nánari athugun leiðir þetta þig á vefsíðu Arnarlax.

Skoðum þessar fullyrðingar aðeins betur. „Arctic salmon“ er einfaldlega ekki dýrategund, heldur er það orð sem Arnarlax notar til

> **Ég hvet þig því, neytandi góður, til að kaupa ekki sjókvíaeldislax því ef fyrirtæki þurfa að blekkja svona mikið til að selja vöru sína, þá er líklega ekki allt með felldu.**

þess að blekkja ferðamenn. „100% naturally raised“ er önnur blekking, þar sem það er ekkert náttúrulegt við sjókvíaeldi. Laxinn í þessum pakka kemur úr sjókví þar sem 160.000-200.000 aðrir laxar af sama uppruna synda í hringi, éta og eru nagaðir af laxalús þangað til þeim er slátrað. Líklega hafa um 20-25 prósent af þeim löxum drepist í framleiðsluferlinu áður en þeir náðu fullri stærð, en það þykja eðlileg afföll í sjókvíaeldi. Rétt er að minna á það að árið 2021 drápust um þrjár milljónir eldislaxa í sjókvíum við Ísland. Hvað er það nákvæmlega sem er 100% náttúrulegt við þetta ferli?

Þá komum við að orðinu sem eru svo hryllilega misnotað til þess að blekkja neytendur, „eco sustainable“. Skilgreining á þessu hugtaki hljómar einhvern veginn svona: „Hæfni vistkerfa til að halda uppi komandi kynslóðum með það að markmiði að vernda líffræðilegan fjölbreytileika þeirra“. Arnarlax hefur árum saman notað koparoxíð sem ásætuvörn á sjókvíum sínum, í leyfisleysi. Koparoxíð virkar sem staðbundið eitur á þörunga og hryggleysingja og hefur neikvæð áhrif á lífeðlisfræðilega ferla. Norskættaði laxinn sleppur líka og hrygnir með villtum laxi, þynnir út erfðaefni hans og á endanum verður stofninn óhæfur til að lifa af í náttúrunni. Skólp frá kvíunum rennur óhindrað í firðina, laxa- og fiskilús fjölgar sér í milljarðatali með neikvæðum áhrifum á villta stofna, og til að berjast gegn því er notast við lyfjablandað fóður, hrognkelsi og lúsaeitur. Allt hefur þetta neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. Hvernig í ósköpunum telst þetta sjálfbært eða „eco sustainable“?

Ég hvet þig því, neytandi góður, til að kaupa ekki sjókvíaeldislax, því ef fyrirtæki þurfa að blekkja svona mikið til að selja vöru sína, þá er líklega ekki allt með felldu. Þá hvet ég innkaupastjóra verslana til þess að standa með viðskiptavinum sínum og forðast vörur sem blekkja þá. Stöndum með náttúrunni og villta laxinum. Íslenskur lax kemur úr íslenskum ám, ekki úr sjókvíum í eigu norskra stórfyrirtækja. ■

Andakílsárvirkjun starfar án virkjunarleyfis

Hulda Guðmundsdóttir
Fitjum í Skorradal

Heimamenn í Skorradal hafa átt í erfiðum samskiptum við rekstraraðila Andakílsárvirkjunar í meira en 70 ár. Áhyggjuefni okkar hafa löngum þótt léttvæg í samhengi fjárhagslegra hagsmuna orkuversins, svo sem af hreiðrum sem fara á kaf þegar hækkað er í vatninu á varptíma. Eða þegar vatnið „stendur“ í hæstu hæðum vikum saman með tilheyrandi landbroti um leið og hvessir. Eða þegar ísinn leggst niður á viðkvæmasta lífbelti Skorradalsvatns þegar drenað er úr því.

Náttúran hefur borið skaðann af starfsemi Andakílsárvirkjunar í 70 ár.

Heimamenn hafa ítrekað borið fram óskir um að dregið verði úr umhverfisáhrifum virkjunarinnar, einkum að dregið verði úr yfirborðssveiflunni í Skorradalsvatni og að bætt verði skilyrði í efri hluta Andakílsár fyrir silung, en farvegurinn er mjög óstöðugur og þornar stundum upp í þurrkatíð.

Andakílsárvirkjun hefur ekki virkjunarleyfi. Eina leyfið sem hún hefur og fellur undir raforkuöflun er miðlunarleyfi fyrir hækkun vatnsyfirborðs Skorradalsvatns um 50 cm frá náttúrulegri vatnsstöðu, átta mánuði hvers árs. Þetta leyfi var gefið út af ráðherra árið 1957 til að mæta kröfu virkjunarinnar til framleiðsluaukningar vegna tilkomu Sementsverksmiðjunnar á Akranesi. Áður, eða 1948, hafði virkjunin, án heimildar, látið gera stíflu í Andakílsá þar sem hún rennur úr Skorradalsvatni. Auk 8 mánaða miðlunarheimildarinnar voru fleiri skilyrði bundin leyfinu sem ekki eru rakin hér.

Þau eru um margt svo óskýr að orkumálastjóri taldi, árið 1994, að „mörg rök mæli með því að miðlunarleyfið verði endurskoðað.“ Síðan eru liðin 28 ár við óbreytt ástand og mikil orka heimamanna hefur farið í það að biðla til rekstraraðila

um að draga úr miðluninni á þeirri forsendu að náttúran verði fyrir skaðanum.

Þegar OR tók við rekstri virkjunarinnar árið 2004 og síðar dótturfélög OR reiknuðum við með að nú væri kominn rekstraraðili sem leggja myndi metnað sinn í að ganga fram af virðingu við náttúruna. Fyrirheitin eru falleg: „Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn á ábyrgan og umhverfisvænan hátt til allra landsmanna“ (af vef ON).

ON hefur vissulega staðið sig betur en fyrri rekstraraðilar og það hefur verið komið fram af meiri kurteisi en á árum áður, en stýring á yfirborði Skorradalsvatns, landbrot og umhverfisáhrif framkvæmda á vegum virkjunarinnar, eru enn sömu átaka- og ágreiningsefnin, áratug eftir áratug – af því skýrar heimildir eru ekki fyrir hendi!

Aldrei hefur bólað á vilja eigenda orkuversins til að sækja um virkjunarleyfi og fá þar með á hreint hverjar heimildir virkjunarinnar skuli vera. Er skákað í því skjóli að virkjunin sé svo gömul að þess þurfi ekki, og að hún hafi starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Í því starfsleyfi er verið að framfylgja ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, en það felur ekki í sér neinar heimildir á grundvelli orkulaga og er langt frá því ígildi virkjunarleyfis. Að halda því fram að svo sé, er óheiðarlegt og rímar ekki við Siðareglur Orkuveitunnar.

Í „leiðarljósi“ í eigendastefnu OR eru sannarlega gefin fögur fyrirheit um „virðingu gagnvart umhverfinu“ um „ábyrga nýtingu auðlinda“ og að fyrirtækið umgangist náttúruna af virðingu. Á sama tíma rekur OR, í gegnum dótturfyrirtæki sín, orkuver sem ekki hefur virkjunarleyfi!

Það er sorglegt að stjórn og eigendur OR/ON/Andkílsárvirkjunar skuli ekki hafa þann metnað, já setja það beinlínis á oddinn, að hafa gildar og skýrar heimildir fyrir nýtingu sinni á náttúrunni í Skorradal.

Það er staðreynd að Andakílsárvirkjun hefur ekki virkjunarleyfi og því liggja ekki fyrir skýr skilyrði sem lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri getu sem taka ber á í virkjunarleyfi. Á meðan afmörkun heimilda liggur ekki fyrir verður tortryggni í garð allra framkvæmda sem rekstraraðilinn, þ.e. dótturfyrirtæki OR standa fyrir – sama hversu áferðarfalleg fyrirheit liggja starfseminni til grundvallar. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 1. september 2022

MEKÓ

MEKO.IS

MEKÓ

MEKÓ

MEKÓ

MEKO.IS

MENNING Í KÓPAVOGI

MEKÓ

MENNING Í KÓPAVOGI

Menningarvetri í Kópavogi fagnað með bravúr og gleðibrag

Haustinu verður heilsað með litskrúðugri karnivalstemningu í menningarhúsunum í Kópavogi, laugardaginn 3. september. Við sama tilefni verður glænýr menningarvefur opnaður og útgáfu efnismikils og vandaðs menningartímarits fagnað. 2

Hefð er fyrir þverfaglegu samstarfi menningarstofnana Kópavogs. Hér er hluti starfsfólks sem kemur að blómlegu viðburðahaldinu. Frá vinstri: Bylgja Júlíusdóttir, deildarstjóri viðburða, Sigurlaug Jóna Hannesdóttir útibússtjóri, Elísabet Indra Ragnarsdóttir, verkefna- og viðburðastjóri, Gréta Björg Ólafsdóttir, deildarstjóri barnastarfs, Haraldur R. Ingvason líffræðingur, Íris María Stefánsdóttir, markaðsstjóri menningarmála, Jóhanna Lára Brynjólfsdóttir móttökustjóri, Cecilia Cedet Gaihede, verkefnastjóri safneignar, og Anja Ísabella Lövenholdt, smiðjustýra og verkefnastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Haustkarnivalið er í raun hugsað sem upptaktur að haustdagskrá og menningarvetri," segir Elísabet Indra Ragnarsdóttir, verkefna- og viðburðastjóri hjá Kópavogsbæ.

„Þarna stíga á stokk listamenn úr ólíkum áttum sem bjóða upp á skemmtun og skapandi starf fyrir alla fjölskylduna," segir Elísabet Indra og bætir við að ókeypis sé á alla viðburði og sýningar í tilefni dagsins.

Þverfaglegt samstarf á milli húsa

Fram undan í haust er glæsileg og fjölbreytt viðburðadagskrá sem menningarhúsin fimm í Kópavogi standa að baki en þau eru Gerðarsafn, Salurinn, Héraðsskjalasafn Kópavogs, Bókasafn Kópavogs og Náttúrufræðistofa Kópavogs.

„Vegna návígis þessara menningarstofnana hefur í gegnum árin skapast hefð fyrir frjóu og áhugaverðu samstarfi þvert á ólíkar listgreinar, fræði og vísindi," segir Elísabet Indra, „bæði í sýningahaldi, viðburðum og fræðsluverkefnum."

Pönkganga um Kópavog og arabísk leturmiðja

Alla miðvikudaga yfir vetrartímann skiptast húsin á að bjóða upp á Menningu á miðvikudögum klukkan 12.15 en þar kemur fram áhugavert fræða- og listafólk úr ólíkum áttum með hádegiserindi, tónleika, listamannaleiðsögn og fleira.

„Á miðvikudögum í september verður boðið upp á pönkgöngu Doktors Gunna um Hamraborgina, fyrirlestur Páls Líndals umhverfissálfræðings um áhrif náttúru á sálarheill, djasstónleika Steingríms Teague og Silvu Þórðardóttur og erindi Guju Daggar Hauksdóttur um Högnu Sigurðardóttur arkitekt," segir Elísabet Indra og heldur áfram:

„Alla laugardaga yfir vetrartímann verður svo boðið upp á metnaðarfulla fjölskyldudagskrá undir heitinu Fjölskyldustundir á laugardögum klukkan 13, en fram undan eru meðal annars arabísk leturmiðja, þjóðlagaskotnir fjölskyldutónleikar með hljómsveitinni Brek, dans- og teiknismiðja með Katrínu Gunnarsdóttur og Rán Flygenring og Vísindasmiðja Háskóla Íslands."

Fjölskyldustundirnar eru haldnar á víxl á Gerðarsafni, Salnum, Bókasafni og Náttúrufræðistofu Kópavogs og er ókeypis á alla viðburði líkt og á Menningu á miðvikudögum, en lista- og menningarráð Kópavogsbæjar styrkir viðburðina.

Glænýtt og spennandi menningartímarit

Á laugardaginn kemur einnig út nýtt menningartímarit helgað menningarmálum í Kópavogi en ritstjóri þess er Íris María Stefánsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri menningarmála Kópavogs.

„Þetta er þriðja árið í röð sem við ráðumst í útgáfu menningartímarits hjá Kópavogsbæ," segir Íris María.

„Tímaritið er hvort tveggja hugsað sem kynningarvettvangur en ekki síður gefst þarna færi á að kafa aðeins ofan í það sem verið er að gera í menningarmálum í bænum. Í blaðinu má til dæmis finna mjög skemmtileg og efnismikil viðtöl við listamenn sem tengjast menningarstarfi í Kópavogsbæ með einum eða öðrum hætti. Þar má nefna viðtal við Brynju Hjálmsdóttur, handhafa Ljóðstafs Jóns úr Vör 2022, og Þór Vigfússon, handhafa Gerðarverðlauna 2021," upplýsir Íris María.

Á meðal annars efnis í tímaritinu er umfjöllun um nýjar og metnaðarfullar tónleikaseríur í Salnum sem eru Syngjandi í Salnum og Ár íslenska einsöngslagsins, og umfjöllun um Grakkana sem er unglingaráð Gerðarsafns.

„Einnig má lesa viðtal við Jóhönnu Ásgeirsdóttur sem er listrænn stjórnandi Listar án landamæra, en hluti hátíðarinnar verður haldinn í menningarhúsunum, sem og viðtal við Bjarna Snæbjörnsson um heimildasöngleikinn Góðan daginn, Faggi, sem verður sýndur í Salnum í Kópavogi í nóvember fyrir alla tíundu bekkinga í grunnskólum Kópavogs," greinir ritstjórinn Íris María frá.

Nýtt merki og glæsilegur vefur

Menningarmál í Kópavogi eru nú kynnt undir nýju merki sem er MEKÓ. Undir þann hatt fara menningarviðburðir víða í Kópavogi, ekki einungis í hinum þróttmiklu menningarstofnunum.

„Á laugardaginn munum við kynna til sögunnar nýja vefsíðu, meko.is, en þar verður vettvangur fyrir fjölbreytta menningarviðburði og sýningar í Kópavogi," segir Íris María.

„Kópavogur er orðinn svo stór og hann iðar af menningu og lífi. Á nýju síðunni verður hægt að nálgast upplýsingar um allt það blómlega starf sem á sér stað víða um Kópavog. Nýlegt dæmi er Hamraborg Festival sem teymið að baki Midpunkt listarýminu stóð að, en lista- og menningarráð Kópavogsbæjar studdi myndarlega við hátíðina. Hamraborg Festival er dæmi um sjálfsprottið framtak grasrótarinnar og tilraunamennskunnar sem er svo mikilvægt að hlúa að og næra," segir Íris María.

Lesendur eru hvattir til að kynna sér menningarstarfið í vetur hjá Kópavogsbæ á nýju vefsíðunni meko.is og í nýju og veglegu menningartímariti en bæði tímaritið og vefurinn verða aðgengileg frá og með næsta laugardegi.

„Svo er bara að mæta á Karnival í Kópavogi laugardaginn 3. september og heilsa hausti með bravúr," segja þær Elísabet Indra og Íris María, fullar tilhlökkunar og gleði. ■

> **Svo er bara að mæta á Karnival í Kópavogi á laugardaginn og heilsa hausti með bravúr!**

Allar nánari upplýsingar eru á meko.is

Dagskrá Karnivals í Kópavogi

- **Fordyri Salarins, kl. 13 -15**
  Sirkus Ananas, sönghópurinn Tónafljóð og töframaðurinn Einar Aron.
- **Náttúrufræðistofa Kópavogs, kl. 13-15**
  Frauðtertuskreytingarnámskeið með frauðtertugerðarteyminu Gorklín.
- **Bókasafn Kópavogs, kl. 13-15**
  Stenslagerð í Múmíndal með Önju Ísabellu Lövenholdt. Í smiðjunni er boðið upp á ólíkan efnivið, allt frá blómum til tímarita.
- **Gerðarsafn, kl. 13-14**
  Danssmiðja fyrir börn og fjölskyldur með Katrínu Gunnarsdóttur danshöfundi og Evu Signýju Berger hönnuði.
- **Gerðarsafn, kl. 14-15.30**
  Listamannateymið Improv for Dance Enthusiasts með leikandi léttan dansspuna og dansæfingar fyrir alla aldurshópa.
- **Gerðarsafn, kl. 13-16**
  SWAP-skiptimarkaður. Komdu með listrænan mun og skiptu út fyrir aðra hluti sem þú vilt eða þig vantar. Listrænir munir geta verið bækur, ljóð, ljósmyndir, prent, málverk, skúlptúrar, útsaumur, og fleira.

Ókeypis er á alla viðburði og sýningar í tilefni dagsins.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

YEST/YESTA kjóll
Stærðir 36-52
Verð 14.980 kr

QUE Ella skyrtukjóll
Stærðir 36-52
Verð 35.980 kr

IVY BEAU Paul kjóll
Stærðir 40-46
Verð 9.980 kr

ES&SY Wei kjóll
Stærðir 40-46
Verð 7.980 kr

IVY BEAU Pamela peysukjóll
Stærðir 36-46
Verð 11.980 kr

yesta yest no secret Q'neel ROBELL ZHENZI ZE·ZE Nordic QUE

GOZZIP Anna-Lise skyrtutunika
Fæst líka í Army grænu
Stærðir 38-56
Verð 18.980 kr

SANDGAARD Stockholm síð skyrta
Fæst í fleiri litum
Stærðir 36-54
Verð 12.980 kr

SANDGAARD Amsterdam bolur
Fæst í fleiri litum
Stærðir 36-54
Verð 3.980 kr

YESTA Hailya opin peysa
Fæst líka í off-white
Stærðir 44-56
Verð 12.980 kr

YEST/YESTA jakki
Stærðir 40-52
Verð 12.980 kr

SUNDAY by Godske festival DENMARK STUDIO GOZZIP® SANDGAARD LASESSOR FRANDSEN tamaris HABELLA Jana®

ZE ZE Shape buxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 36-48
Verð 9.990 kr

ROBELL Nena 09 ökklabuxur
Fást í fleiri litum
Stærðir 34-54
Verð 11.980 kr

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Sækir innblástur í sundmenninguna

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Ásgerður Ólafsdóttir stefnir á að sameina viðskiptafræðigráðuna og gráðu í vöruhönnun eftir útskrift. Samhliða námi hefur hún hannað og saumað sundföt og ýmsan annan fatnað.

Frá því Ásgerður Ólafsdóttir, nemandi í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands, man eftir sér hefur hún haft áhuga á listum og hönnun og stefndi alltaf að einhverju leyti í þá áttina í lífinu. „Ég lærði fatahönnun í tvær annir í Amsterdam áður en ég flutti heim til þess að hefja nám í viðskiptafræði. Á þeim tímapunkti hafði ég fundið að ég vildi ekki einskorða mig við fatahönnun og vildi bæta við mig þekkingu í viðskiptum til þess að geta haldið utan um möguleg eigin rekstur í framtíðinni."

Eftir útskrift úr viðskiptafræðinni segist Ásgerður hafa fundið hvað hún saknaði listarinnar og ákvað því að sækja um hönnunarnám um haustið. „Það var bróðir minn sem benti mér á vöruhönnunina við Listaháskólann og reyndist það vera nákvæmlega það sem ég hafði verið að leita eftir."

Textíllinn heillar alltaf

Samhliða náminu í vöruhönnun hefur Ásgerður hannað og saumað sundföt og ýmsan annan fatnað. „Mér hefur alltaf þótt vænt um sundmenninguna og held að áhugi minn á sundfötum sé sprottinn upp úr því. Umhverfið og fólkið í Vesturbæjarlaug og í Nauthólsvík, þar sem ég hef starfað undanfarin ár, er líka góður innblástur en áhuginn var þegar til staðar."

Verkefnin í náminu hingað til hafa verið fjölbreytt að hennar sögn. „Þau hafa gefið mér tækifæri til þess að kynnast mismunandi aðferðum, bæði í hönnun og framleiðslu, og það hefur opnað marga nýja spennandi möguleika. Áhuginn liggur víða en ég virðist alltaf koma aftur til baka í textílinn og er alltaf með nokkur verkefni í höndunum."

Tveggja gráðu draumur

Ásgerður stefnir á útskrift sumarið 2023 og segir framtíðina bæði spennandi og óljósa. „Draumurinn er að fá tækifæri til þess að tvinna þessar gráður saman í starfi í framtíðinni en hvernig það mun líta út er enn óljóst. Ég er þó viss um að þær haldast vel í hendur og er spennt að sjá hvaða tækifæri muni bjóðast. En fyrst er að klára BA-ritgerðina og lokaverkefnið fyrir útskrift næsta sumar. Einnig mun bekkurinn minn vinna saman að hópverkefni og verður lokaútkoma þess sýnd í lok árs." ■

Draumurinn er að fá tækifæri til þess að tvinna þessar gráður saman í starfi í framtíðinni en hvernig það mun líta út er enn óljóst, segir Ásgerður Ólafsdóttir, nemandi í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jakki gerður úr slitnum armkútum sem höfðu fallið til í laugum borgarinnar. Samstarfsverkefni Ásgerðar, Hrafnhildar Gunnarsdóttur og Kamillu Henriau fyrir sýninguna Hlutverk á HönnunarMars árið 2021.

Lokaverkefni Ásgerðar af öðru ári í vöruhönnun ber heitið Sær og er sjósundsflík úr ull ásamt handklæði með útsaumuðum notkunarleiðbeiningum.

MYND/FJÖLNIR ÓLAFSSON

Handklæðið sem einnig geymir flíkina og hjálpar henni að halda lögun sinni má binda saman og bera á öxlinni.

Ullin býr yfir eiginleikum sem henta sérstaklega til sunds í köldum sjó og náttúrulegt efnið losar ekki örplast við notkun og þvott eins og búast má við af öðrum sundfatnaði.

FRÍ
HEIMSENDING
ÞEGAR VERSLAÐ ER FYRIR
5.000,- EÐA MEIRA Í
VEFVERSLUN!
HAUST
SPRENGJA!
20-70%
afslattur af völdum vörum dagana 1-5. sept!
KRINGLAN - WWW.ZIKZAKVERSLUN.IS
ZIKZAK
TÍSKUHÚS

Kjóll
2.990,-
Áður 5.990,-
S-XXXL

Kjóll
1.990,-
Áður 6.990,-
S-XXXL

Kjóll
2.990,-
Áður 5.990,-
S-XXXL

Bolur
2.990,-
Áður 3.990,-
S-XXXL

Kjóll
3.990,-
Áður 6.990,-
S-XXXL

Skyrta
4.990,-
Áður 8.990,-
S-XXXL

Skyrta
4.990,-
Áður 6.990,-
S-XXXL

Blússa
4.990,-
Áður 6.990,-
S-XXXL

Bolur
2.990,-
Áður 5.990,
S-XXXL

Peysa
6.990,-
Áður 12.990,-
S-XXXL

Buxur
8.792,-
Áður 10.990,-
S-XXXL

Buxur
6.390,-
Áður 7.990,-
S-XXXL

Í þessari peysu fær steindur gluggi að verða að nýju mynstri.
MYNDIR/EVA ÁGÚSTA ARADÓTTIR

Guðlaug starfar við fræðslu og ráðgjöf hjá Einhverfusamtökunum og hefur prjónað, heklað og föndrað frá því hún man eftir sér. Hægt er að skoða fleiri prjónapeysur eftir Guðlaugu á Instagram: gkdottir_knits. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Náttúran er besti mynstursmiðurinn

Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir hefur vakið athygli innan prjónasamfélagsins fyrir hönnun sína á einstökum og fallegum prjónamynstrum. Hún segir mynstrin leita á sig og að einhverfan gefi sér ríka mynsturhugsun og athygli fyrir smáatriðum.

jme@frettabladid.is

„Mamma, ömmur mínar og frænkur eru og voru mjög handlagnar og prjónuðu og saumuðu mikið. Sjálf hef ég prjónað, heklað og föndrað almennt eins lengi og ég man eftir mér," segir Guðlaug. „Ég man að heima hjá Guðlaugu ömmu minni var handavinnukommóða með prjónum, nálum og fleiri ævintýralegum hlutum eins og pípunni sem hún reykti í denn. Ég gat dundað mér löngum stundum við að gramsa í kommóðunni. Amma hafði líka óendanlega þolinmæði og tíma til að leiðbeina og hjálpa sem ég nýtti mér óspart."

Handavinnan veitir slökun

Guðlaug er sjúkraþjálfari að mennt en starfsferill hennar er talsvert fjölbreyttari. „Ég var formaður BHM í sex ár, sat í bæjarstjórn Hafnarfjarðar í átta ár, en vann líka við sjúkraþjálfun og á Námsbraut í sjúkraþjálfun við HÍ. Í dag starfa ég við fræðslu og ráðgjöf hjá Einhverfusamtökunum, en ég og fleiri í fjölskyldu minni erum á einhverfurófinu," segir Guðlaug.

„Prjón og hekl hefur alltaf verið hluti af mínu stimmi, eða fitli, sem fylgir einhverfunni. Reglubundin, endurtekin hreyfing sem veitir slökun og ró. Takturinn í prjóninu virkar á mig svipað og gönguferð, hjálpar huganum að fikra sig í gegnum verkefni og viðfangsefni og styður þannig við annað sem ég geri í starfi og leik. Það er líka eitthvað heillandi og göldrótt við að geta tekið hnykil af bandi og flækt hann saman þannig að úr verði eitthvað bæði fallegt og nýtilegt.

Ég upplifi tengingu við eitthvað sammannlegt eðli eða ferli, að búa til nytjahluti sem um leið eru til skrauts. Prjónles, eins og það nefnist á góðri og gamalli íslensku, er ekki bara hlýtt og fallegt, heldur býr líka í því menning, arfur og hefð, sem gengur mann fram af manni. Það er gaman að vera hluti af þeim straumi," segir Guðlaug.

Hér fær vers úr Tímanum og vatninu eftir Stein Steinarr, um tvo dumbrauða fiska, að verða að prjónamynstri.

Mynstrið á þessari gullfallegu peysu er innblásið af mynstri á væng fiðrildis sem Guðlaug hitti fyrir á Ísafirði.

Mynstrin fæðast á koddanum

Guðlaug hefur gefið út rúmlega þrjátíu prjónauppskriftir með mynstrum og sniðum sem hún hannar sjálf. „Ég á svo nokkur í hönnunarferli og fleiri liggja óskrifuð en fullgerð sem hafa fæðst síðustu tvö, þrjú árin. Ég byrjaði að prjóna peysur upp úr tíu ára aldri og fann svolítið mínar eigin leiðir í því. Ég kenndi mér til dæmis að prjóna með vinstri hendinni til baka til að sleppa við brugðnar umferðir og æfði mig markvisst í að prjóna hratt," segir hún.

Guðlaug segir að hún hafi þó furðu seint byrjað að hanna sín eigin mynstur. „Aðferðin að prjóna peysur ofan frá og niður var opnun fyrir mér, enda er þá auðveldara að móta flíkurnar jafnóðum. Síðan var önnur opnun í tengslum við alvarlega kulnun sem ég lenti í árið 2018 og vann mig út úr að stórum hluta gegnum handavinnuna. Á þeim tíma gat ég illa lesið sem ýtti mér út í tilraunamennsku með eigin mynstur. Þá var ekki aftur snúið og mynstrin fæðast gjarnan á kvöldin og morgnana á koddanum, nokkurn veginn af sjálfum sér. Ég er ekki beint að leita: mynstrin leita eiginlega frekar á mig. Ég tek talsvert af myndum ef ég sé eitthvað fallegt og sumt seytlar smám saman inn í undirmeðvitundina og bankar upp á síðar."

Í eðli sínu óregluleg

Meðal þeirra gjafa sem fylgja einhverfunni segir Guðlaug að sé rík mynsturhugsun og athygli á smáatriðum. „Ég hrífst af náttúrumynstrum til dæmis á fiðrildavængjum og skeljum. Þau eru í eðli sínu óregluleg, sem er pínu óvenjulegt í prjóni, það er að mynstrin eru ekki endilega samhverf eða fyrirsjáanleg. Náttúran er besti mynstursmiðurinn að mínu mati og ég reyni að vera henni trú og halda óreglunni gangandi. Ég hef líka fundið mynstur í húsum og mannvirkjum, eins og innviðum Fríkirkjunnar í Hafnarfirði og húsum sem eru kennileiti bæði hér í bæ og víðar."

Guðlaug er með síðu á Ravelry-vefnum þar sem má nálgast uppskriftirnar hennar. „Ef fólk er ekki sjálft með aðgang að vefsvæðinu er hægt að fá aðstoð í garnbúðum við að kaupa uppskriftirnar. Eins má senda mér tölvupóst eða skilaboð gegnum samfélagsmiðla og nálgast uppskriftirnar þannig. Stundum prjóna ég eftir pöntun, en þá bara mína eigin hönnun. Ég hef líka gert einstakar flíkur eftir óskum hvers og eins, sem getur verið mjög skemmtilegt og gefandi," segir Guðlaug að lokum. ■

comma,

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR Á 50% AFSLÆTTI

Tískan



ÁRMÚLI 5 - 551 0300

Bílar & Farartæki

Ford Transit Custom stuttir 2017 eknir um 90 þús km. Eigum tvo útlitsgallaða bíla á lágu verði á aðeins 2.490.000 án vsk. Fínir í akstri og koma vörunum milli staða þó þeir vinni enga fegurðarsamkeppni.

Þjónusta

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum, öll almenn málningarvinna og sprunguviðgerðir. Fáðu frítt verðtilboð. GH málari lögg. málarar s. 847 2024 geir7@yahoo.com

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Til bygginga

NÝKOMIÐ BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN
slétt beggja megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbygginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnsklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100) Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarolíur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda
Ákvörðun um matsskyldu

Dýpkun Grynnslanna Hornafirði, Grjótnám vestan Grindavíkur og Vetnisstöð ON á Hellisheiði

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að ofangreindar framkvæmdir skuli ekki háðar umhverfismati samkvæmt lögum nr. 111/2021. Ákvarðanirnar er að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **3. október 2022.**

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

ÚTSALAN ER HAFIN

Einnig fáanleg í barnastærðum

icebreaker

30-50% AFSLÁTTUR

OSPREY BAKPOKAR

Hágæða bakpokar.
Eitt mesta úrval landsins!

30-50% AFSLÁTTUR

OSPREY

Klifurbakpokar
Leiðsögumannabakpokar
Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar
Fjallaskíðabakpokar
Hjólabakpokar • Ferðatöskur

sherpa

30-50% AFSLÁTTUR

30-50% AFSLÁTTUR

GSI OUTDOORS

30-50% AFSLÁTTUR

FERAIND

PeakPerformance

20-50% AFSLÁTTUR

20-50% AFSLÁTTUR

KEEN

AFSLÁTTARBORÐIN VERÐA Á SÍNUM STAÐ!

GG SPORT

Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is @gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-18, sunnudagur 12-16

Sandra Sigurðardóttir er einn reynslumesti leikmaður íslenska landsliðsins um þessar mundir með 45 A-landsleiki á ferilskránni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Svekkti sig á EM en er klár í verkefnið

Aron Guðmundsson
aron@frettabladid.is

Sandra Sigurðardóttir, nýkrýndur bikarmeistari með Val og landsliðsmarkvörður íslenska landsliðsins í knattspyrnu, segir andstæðing föstudagsins, Belarús, vera sýnda veiði en ekki gefna. Landsliðið er nú komið saman á nýjan leik eftir hálfgert vonbrigða-mót að mati Söndru sem segist hafa dregist niður í svekkelsi eftir mótið.

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI Fram undan eru mikilvægir leikir landsliðsins í undankeppni Heimsmeistaramótsins 2023, leikir sem munu skera úr um örlög Íslands í riðlinum. Fyrri leikur liðsins er gegn Belarús á Laugardalsvelli á föstudaginn.

Sandra varð bikarmeistari með Val um síðustu helgi og er það í fyrsta skipti frá árinu 2011 sem liðinu tekst að krækja í bikarmeistaratitilinn í kvennaflokki. Hún segir það ekki erfitt fyrir sig að kúpla sig úr því verkefni beint yfir í mikilvægt verkefni með landsliðinu.

„Mér persónulega finnst það ekki. Vissulega á ég nokkur ár inni á suma af leikmönnum okkar en ég tel að heilt yfir sé það ekki erfitt fyrir okkur sem erum leikmenn Vals hér að skipta frá þessu afreki sem við unnum og yfir á þetta verkefni hér. Hér erum við mætt í allt annað dæmi og oft á tíðum getur það bara verið mjög gott. Þó við höfum orðið bikarmeistarar á laugardaginn þá skiptir það engu máli þegar við erum mættar hingað í landsliðsverkefni. En það sem við getum tekið með úr bikarúrslitunum er sjálfstraustið sem því fylgir að standa uppi sem sigurvegari."

Sýnd veiði en ekki gefin

Andstæðingur föstudagsins er Belarús en liðin mætast á Laugardalsvelli. Ísland vann nokkuð öruggan sigur á Belarús í fyrri umferð undankeppninnar en Sandra segir að ekki sé um auðveldan leik að ræða.

„Þær eru vaxandi knattspyrnuþjóð og hafa sýnt það í riðlakeppninni, unnu meðal annars góðan sigur á Tékkunum. Þó svo að við höfum unnið þær nokkuð auðveldlega 5-0 á útivelli fyrr í keppninni þá byrjaði leikurinn samt þannig að við vorum lengi að brjóta þær. Fyrst og fremst snýst þetta bara um okkur og á meðan við spilum okkar besta leik þá eigum við alveg að ná sigrinum."

Á sætið fyllilega skilið

Ásdís Karen Halldórsdóttir, liðsfélagi Söndru hjá Val, var kölluð inn í landsliðshópinn með skömmum fyrirvara vegna meiðsla Öglu Maríu Albertsdóttur. Sandra segir hana fyllilega verðskulda landsliðssætið.

„Það býr hellingur í Ásdísi og hún hefur sýnt það og sannað með okkur í Val í sumar. Þorsteinn (landsliðsþjálfari Íslands) hefur úr mörgum leikmönnum að velja en það er frábært fyrir Ásdísi að fá þetta tækifæri. Hún hefur verið í kringum undir 23 ára landsliðið undanfarið og á þetta sæti sitt núna í landsliðshópnum fyllilega skilið. Vonandi mun þetta gefa henni aukinn kraft í framhaldinu."

Ekkert frí

Nú hafa nokkrar vikur liðið frá því að íslenska landsliðið lauk leik á Evrópumótinu í knattspyrnu. Liðið gerði þrjú jafntefli á mótinu í því sem margir kalla vonbrigða-mót. Á meðan margir af leikmönnum Íslands héldu í sumarfrí eftir mótið hóf Sandra að leika á ný með Val. Hún segir það að einhverju leyti hafa verið erfitt fyrir sig.

„Ég held að það hafi verið fínt fyrir margar hverjar úr landsliðinu okkar að komast í frí eftir Evrópumótið, ná að kúpla sig út, vinna almennilega úr reynslunni og jafna sig á löngu tímabili. Á meðan hafði ég í raun og veru ekki tíma til þess að velta mér upp úr mótinu. Ég get alveg viðurkennt að mér fannst það alveg smá erfitt vegna þess að ég var svekkt eftir mótið. Að sama skapi tel ég það bara hafa gert mér gott að fara bara um leið aftur að spila með Val." ■

> Ég get alveg viðurkennt að mér fannst það alveg smá erfitt vegna þess að ég var svekkt eftir mótið.

Vilja annað tækifæri til að sanna sig á stærsta sviðinu

helgifannar@frettabladid.is

FÓTBOLTI „Við erum allar mjög spenntar. Það er geggjað að fá loksins heimaleik," segir Sveindís Jane Jónsdóttir landsliðskona um leik Íslands gegn Belarús á morgun. Með sigri verður Ísland í kjörstöðu á toppi riðilsins fyrir lokaleikinn gegn Hollendingum, þar sem sæti á HM verður undir. Liðið sem sigrar í einvígi Íslands og Hollands fer beint á HM á næsta ári, hitt fer í umspil.

„Þetta er mjög mikilvægur leikur upp á að vera í góðri stöðu á móti Hollandi. Ef við vinnum getum við gert jafntefli þar. Við hugsum fyrst og fremst um að vinna Belarús og taka svo líka Holland," segir Sveindís.

Henni finnst alltaf jafn skemmtilegt að hitta stelpurnar í íslenska liðinu í landsliðsverkefnum.

> Sveindís var fljótasti leikmaður Evrópumótsins.

„Að vera í þessu landsliði er frábært. Við erum allar hundrað prósent, engin meiðsli svo það er allt klárt."

Sveindís segir svekkelsið yfir því að hafa ekki komist upp úr riðli sínum á lokakeppni EM í sumar vera að baki, en að það geti hjálpað liðinu í að ná enn lengra.

„Okkur langar að gera betur, svo við fáum vonandi annað tækifæri á HM til að sýna okkur."

Það er stærsti draumur allra leikmanna að spila á HM. „Markmiðið hjá mér er að komast á HM og allar stelpurnar vilja komast þangað. Það er klikkað að geta tekið þátt í þessu og átt möguleika á að komast á mótið."

Sveindís er að fara inn í sitt annað tímabil með þýska stórveldinu Wolfsburg. Það leggst vel í þennan hæfileikaríka leikmann.

„Undirbúningstímabilið hefur verið svolítið erfitt, en þetta er skemmtilegt, ég er mjög spennt fyrir því að þetta byrji."

Hún stefnir á að taka að sér stærra hlutverk í liði Wolfsburg á komandi leiktíð. „Þetta er ógeðslega sterkur hópur. Við erum með svo marga frábæra sóknarmenn. Markmiðið mitt er fyrst og fremst að komast í hópinn og vinna mér inn sæti í byrjunarliðinu." ■

Sveindís Jane Jónsdóttir í leik með Íslandi á EM. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

NIVEA

FULLKOMNASTA HÚÐMEÐFERÐIN OKKAR

- EYKUR FYLLINGU
- ENDURMÓTAR ÚTLÍNUR
- MINNKAR DJÚPAR HRUKKUR

NÝTT MEÐ BAKUCHIOL

9 AF 10 STAÐFESTA

bætt yfirbragð húðarinnar*

*Niðurstöður eftir 4ja vikna neytendakönnun 47 kvenna á aldrinum 46-62 ára.

Nýtt blað
er komið út
husa.is



Parket útsala
30-50%
afsláttur

Hillurekkar
20%
afsláttur

Flísar útsala
35-45%
afsláttur

Blöndunartæki
25%
afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Heimilið fínt

Frábær tilboð í september

Háþrýstidælur

20%

afsláttur

LADY málning

25%

afsláttur

Pottaplöntur

30-50%

afsláttur

Geymslubox

25%

afsláttur

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ragnhildur Vilhjálmsdóttir

Boðaþingi 5, áður Hófgerði 18a, Kópavogi,

lést á heimili sínu sunnudaginn 21. ágúst. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 5. september klukkan 13.

Bjarni Birgisson **Dóra Þórisdóttir**
Jódís Birgisdóttir
Vilhjálmur Birgisson **Þórey Halldórsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Erlings Aspelund

Tómasarhaga 11, Reykjavík,

sem lést 8. ágúst. Útförin fór fram frá Dómkirkjunni 24. ágúst. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki lyflækningadeildar 12E á Landspítalanum fyrir hlýhug og góða umönnun.

Þórey Aspelund
Kristín Aspelund **Hákon Aspelund**
Erling Aspelund **Kristín Björnsdóttir**
Karl Aspelund **Brenda Aspelund**
Thor Aspelund **Arna Guðmundsdóttir**
Guðrún Aspelund **Gunnar Jakobsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Gylfa Kristins Sigurðssonar

ökukennara, Hlynsölum 1,

sem lést 14. júlí. Útförin fór fram miðvikudaginn 3. ágúst.

Jensína Sigurborg Jóhannsdóttir
Guðrún Helga Gylfadóttir **Bjartmar Bjarnason**
Sigurður Smári Gylfason **Hulda Ruth Ársælsdóttir**
Jóhanna María Gylfadóttir **Elías Þór Pétursson**
Steinunn Margrét Gylfadóttir **Helgi Mar Hallgrímsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

Gróa Bjarnadóttir

lést á gjörgæsludeild Landspítala í Fossvogi miðvikudaginn 24. ágúst síðastliðinn. Útförin fer fram frá Háteigskirkju, mánudaginn 5. september kl. 13. Athöfninni verður streymt á: https://youtu.be/16vSbxlaRiU

Eyrún Harpa Hlynsdóttir **Torfi Jóhannsson**
Berglind Hrönn Hlynsdóttir **Steinar Smári Einarsson**
Arnþór Ingi Hlynsson
barnabörn og systkini.

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Kristján Oddsson

fyrrverandi bankastjóri, Miðleiti 5, Reykjavík,

lést á Skjóli þann 25. ágúst. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 8. september kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

Elínborg Þórarinsdóttir
Benedikt Kristjánsson **Rósa Kristjánsdóttir**
Sigríður Kr. Kristjánsdóttir
Már Kristjánsson **Halla Ásgeirsdóttir**
Oddur Kristjánsson **Elsa Þórisdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

Gorbatsjov og Reagan léttir í lund fyrir utan Höfða. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Húnavakan við Höfða

Leiðtogafundur Gorbatsjov og Reagan í Höfða er Íslendingum minnisstæður. Ingvi Hrafn Jónsson stýrði útsendingu frá fundinum þar sem teygja þurfti lopann áður en hurðarhúnninn snerist loksins.

arnatomas@frettabladid.is

Míkhaíl S. Gorbatsjov, fyrrverandi leiðtogi Sovétríkjanna, lést á þriðjudag, 91 árs að aldri. Heimsókn hans til Íslands er söguleg þar sem hann fundaði með Ronald Reagan Bandaríkjaforseta á leiðtogafundinum í Höfða 11. október 1986. Ingvi Hrafn Jónsson var fréttastjóri á RÚV á þeim tíma og stýrði spennuþrunginni útsendingu frá tímamótaviðburðinum.

„Andrúmsloftið var auðvitað mjög sérstakt. Þetta kom með engum fyrirvara og við höfðum tíu daga," segir Ingvi Hrafn sem fékk tilkynningu um fundinn frá forsætisráðuneytinu 1. október. „Við vorum í hers höndum á meðan á þessu stóð. Landið fylltist á augabragði af fréttamönnum og við gerðum okkur ekki almennilega grein fyrir því hvað myndi gerast og hvernig þetta yrði."

Í erlendum miðlum var fundinum lýst sem stuttri vinnuferð sem Ingvi Hrafn segir vissulega hafa verið rétt.

„Merkilegast í mínum huga við þetta allt saman við þessa tvo daga sem þeir voru hérna var að það lak ekkert út," segir hann. „Það er alltaf einhver sem er látinn leka en í þessu tilfelli lak ekki neitt. Það vissi enginn neitt, nema þessir tveir menn og túlkarnir sátu á milli þeirra."

Karpað við leyniþjónustuna

Ein eftirminnilegasta minning Ingva Hrafns var þegar hann var að koma fyrir sjónvarpsbílnum fyrir útsendingu og lenti á óvæntum fundi með yfirmanni leyniþjónustu Reagans fyrir utan Höfða.

> Málið er bara að stóru hlutirnir gerðust á þessum fundi. Þetta var raunverulegi undirbúningur þess að Berlínarmúrinn féll.
>
> Ingvi Hrafn Jónsson

„Ég var búinn að koma bílnum fyrir fimmtíu metra frá Höfða, nálægt Ó. Johnson og Kaaber-húsinu. Ég var farinn heim að sofa þegar hringt var í mig klukkan hálf tvö um nóttina frá leyniþjónustunni sem sagði mér að bíllinn gæti ekki verið þarna," lýsir Ingvi Hrafn sem fór í kjölfarið og hitti yfirmann öryggisvarðanna. „Ég sagði honum að við værum ríkissjónvarp og að við værum að miðla upptökum bæði til Moskvu, Sambands evrópskra sjónvarpsstöðva og fleiri sem fengu efni frá okkur."

Ingva datt sjálfum ekki í hug að hann mætti fá að hafa bílinn á horninu þar sem honum var að endingu lagt.

„Ég benti honum á hornið í einhverju bríaríi og hann sagði bara: „Okey, fine." Við færðum bílinn og þannig var til komin þessi fræga útsending af hurðarhúninum."

Raísa reddaði málunum

Þar sem Ingvi Hrafn greindi frá framvindu mála í langri útsendingu þurfti að fylla upp í ansi stórar eyður.

„Ég var í loftinu held ég í átján klukkutíma," segir hann og hlær. „Ég var með fréttastofuna að reyna að finna fréttir sem reyndist mjög erfitt, en Raísa Gorbatsjova reddaði okkur fyrir horn. Margrét Hinriksdóttir fréttakona og tökumaður fylgdu henni svo við höfðum einhverjar myndir til að sýna áður en þeir voru að fara úr Höfða upp í limmurnar – Reagan í sendiherrabústaðinn og Gorbatsjov um borð í skipið. Það sást annars ekki neitt."

Íslenskir ráðamenn, þar á meðal Steingrímur Hermannsson, þáverandi forsætisráðherra, vissu álíka lítið og voru í sambandi við Ingva Hrafn til að leita svara.

„Þeir hringdu í mig og spurðu: „Veistu eitthvað?" og ég svaraði: „Nei, ég veit ekki neitt. Þú ert forsætisráðherra, veist þú ekki neitt?""

Alls engin vonbrigði

Merkilegast við þetta allt saman finnst Ingva Hrafni vera að eftir fundinn hafi allir talað um að hann hefði misheppnast og að fundurinn hefði valdið gríðarlegum vonbrigðum.

„Það var eins og hálfgerð útfararstemning yfir þessu öllu saman," segir hann. „Málið er bara að stóru hlutirnir gerðust á þessum fundi. Þetta var raunverulegi undirbúningur þess að Berlínarmúrinn féll. Patty Newman, sem var ræðuritari Reagan, segir frá því í bók sinni að þegar þau fóru, og voru yfir Grænlandi í Air Force One, stóð einhver upp og sagði: „Þetta eru ekki mistök. Það gerðust þarna stórir hlutir." ■

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ægir Jónsson

Reiðvaði 1, Reykjavík,

lést 19. ágúst á Landspítalanum Fossvogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Sigvaldi Ægisson **Elísabet Reinhardsdóttir**
Jón Ægisson **Svanborg Einarsdóttir**
Hrönn Ægisdóttir **Guðmann Reynir Hilmarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Einlægar þakkir til allra sem sýndu fjölskyldunni vináttu og kærleika við andlát og útför

Magnúsar Sædals Svavarssonar

og heiðruðu minningu hans á margvíslegan hátt.

Vilborg Gestsdóttir
Gestur Óskar Magnússon **Guðrún Elva Jónsdóttir**
Sigurbjörg Magnúsdóttir **Jón Svan Sverrisson**
Dagur Ari, Eyrún Hulda og Svala

RAFMAGNSPOTTAR

Arctic Spas

AURORA
Hitun: 6,0 kw – 206 cm x 206 cm
VERÐ: 1.390.000,-

HUSKY
Hitun: 6,0 kw – 213 cm x 186 cm
VERÐ: 1.350.000,-

TIMBERWOLF
Hitun: 6,0 kw – 217 cm x 174 cm
VERÐ frá 1.490.000,-

TOTEM
Hitun: 6,0 kw – 217 cm x 217 cm
VERÐ frá 1.750.000,-

EAGLE
Hitun: 6,0 kw – 217 cm x 217 cm
VERÐ frá 1.750.000,-

MCKINLEY
Hitun: 6,0 kw – 235 cm x 235 cm
VERÐ frá 1.850.000,-

HEITIRPOTTAR.IS

FOSSHÁLS 13 • SÍMI 777 2000

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál
19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Gengið á Dólómítana
20.30 Fréttavaktin
21.00 Mannamál

RÚV Sjónvarp

13.00 Heimaleikfimi
13.10 Kastljós
13.30 Útsvar 2013-2014
14.35 Mótorsport
15.05 EM í körfubolta Bein útsending frá leik Slóveníu og Litáen á EM karla í körfubolta.
17.10 Nörd í Reykjavík
17.40 Sætt og gott
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Listaninja
18.29 Þorri og Þura - vinir í raun
18.43 HM 30
18.50 Lag dagsins
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.00 Elda, borða, aftur og aftur Matreiðsluþættir í umsjá Nigellu Lawson. Sjónvarpskokkurinn ástsæli deilir hér allra handa eldhúsráðum sem gera hversdagsmatinn bæði gómsætan og girnilegan – og það með lítilli fyrirhöfn.
20.35 Sögur fyrir stórfé
21.05 Þýskaland 89'
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Neyðarvaktin
23.05 Um Atlantsála Leiknir þættir um norsku krónprinsessuna Mörthu og áhrif hennar á heimsmálin á tíma seinni heimsstyrjaldarinnar. Árið er 1940 og Noregur er á valdi Þýskalands nasista. Martha krónprinsessa og fimm börn hennar gerast pólitískir flóttamenn í Hvíta húsinu. Vera hennar í Washington lætur Roosevelt forseta Bandaríkjanna ekki ósnortinn og færir hörmungarnar í Evrópu nær honum. Þættirnir byggjast á sönnum atburðum og segja frá hörmungum stríðsins. Þættirnir eru ekki við hæfi barna yngri en 12 ára. e.
00.00 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

06.00 Tónlist
12.30 Dr. Phil
13.12 The Late Late Show with James Corden
13.51 The Block
14.43 The Bachelorette
16.55 90210
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show with James Corden
19.10 Family Guy
19.40 Players
20.10 We Need to Talk About Cosby
21.10 The Resident
22.00 Dan Brown's The Lost Symbol
22.50 Walker
23.35 The Late Late Show with James Corden
00.20 FBI: Most Wanted
01.05 Yellowstone
01.50 Law and Order: Organized Crime
02.35 Station Eleven
03.20 American Rust
04.15 Tónlist

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.15 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.20 Framkoma
09.50 Who Do You Think You Are?
10.50 Dýraspítalinn
11.20 Tónlistarmennirnir okkar
12.00 Dýraspítalinn
12.25 Nágrannar
12.50 Britain's Got Talent
13.50 Family Law
14.30 Einkalífið
15.00 Grand Designs: Sweden
15.50 The Heart Guy
16.35 Matarboð með Evu
17.10 Men in Kilts: A Roadtrip with Sam and Graham
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.27 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Miðjan
19.20 Temptation Island
20.05 Mr. Mayor
20.25 The Titan Games
21.10 Rutherford Falls
21.40 The PM's Daughter
22.05 Real Time With Bill Maher
23.05 Outlander
00.00 Lie With Me
00.50 Agent Hamilton
01.35 The Mentalist
02.15 Who Do You Think You Are?
03.15 Family Law
03.55 Men in Kilts: A Roadtrip with Sam and Graham

Björgólfur gerir upp ævina og fyrri störf

Það er enginn hörgull á umræðuefni þegar þeir Björgólfur Jóhannsson og Sigmundur Ernir setjast niður og ræða ævi og störf þess fyrrrnefnda, en Grenvíkingurinn knái, sem þótti mikið efni í blaki á sínum tíma, fer mikinn í þættinum og gerir meðal annars upp erfiðleikamálin sem hrjáð hafa Samherja suður í Afríku. Þátturinn byrjar klukkan 19.00 í kvöld. ■

Krossgáta



LÁRÉTT
1 lífhvati
5 ábreiða
6 són
8 salta
10 tveir eins
11 þrá
12 klöpp
13 kríki
15 argar
17 fiskur

LÓÐRÉTT
1 planta
2 kropp
3 atvikast
4 maskína
7 braskara
9 ráfa
12 marr
14 tímabils
16 strit

LÁRÉTT: **1** ensim, 5 lak, 6 óm, 8 fresta, 10 tt, 11 von, 12 berg, 13 nart, 15 gramar, 17 skata.
LÓÐRÉTT: **1** elfting, 2 nart, 3 ske, 4 motor, 7 mangara, 9 sveima, 12 brak, 14 ars, 16 at.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Balogh átti leik Gromer á Ólympíuskákmótinu árið 1931.

1.Dxb7+! Kxb7 2.Bxd7+ Ka8 3.Hxb8+! Kxb8 4.Hb1+ Ka8 5.Bc6# 1-0. Dagur Ragnarsson og Arnar Milutin Heiðarsson eru efstir og jafnir með fullt hús á Skákþingi Garðabæjar. Jón Eggert Hallsson er þriðji með 2,5 vinninga. Afmælismót Ólafs Kristjánsson hefst á morgun á Hofi á Akureyri.

www.skak.is: Ný alþjóðleg skákstig.

Sudoku

			3	6				9
	5		4		9	3		7
			5				6	
6	8				3			5
3				4		9		
9	7	1	6			4		
						1		4
		9		7		2		3
7		2						

	4				6		2	
	1			4		3		7
		7			3			6
		1						
7	9	5			1		6	
8		3		6	4			
6					9			5
		8				1		
	7				5			3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

GÓLFEFNA ÚTSALA 20-70%*

ÞÚSUNDIR FERMETRA AF FLÍSUM, PARKETI, DÚKUM OG TEPPUM

*Gildir frá verðlistaverði

ÁLFABORG
- allt á gólfið -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Velkomin á
Heilsu- & lífsstílsdaga

Kynntu þér öll frábæru tilboðin í Heilsublaðinu

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar á netto.is og Facebook-síðu Nettó varðandi leiki og ofurtilboð dagsins á Heilsudögum.

Skannaðu QR-kóðann og náðu í blaðið

Ofurtilboð og app-tilboð alla dagana

Allt að 50% afsláttur

Ofurtilboð
Fimmtudagur 1. september

Prótein pönnukökur
Nano, 45 g
207 kr/stk
~~319 kr/stk~~
35%

Atkins Treat Pecan Caramel Cluster
750 kr/stk
~~1.499 kr/stk~~
50%

Bláber
125 g
50%

Ofurtilboð
Föstudagur 2. september

Lífrænar rískökur
Dökkt súkkulaði/ Kókos og súkkulaði
Hollgæti, 100 g
209 kr/pk
~~299 kr/pk~~
30%

Sellerí
kg
50%

Ofurtilboð
Laugardagur 3. september

Prótein kleinuhringur
Alasture, 75 g
219 kr/stk
~~399 kr/stk~~
45%

Snack Bar Cara./ Choc./Nut Roll
Atkins, 220 g
847 kr/pk
~~1.599 kr/pk~~
47%

Spergilkál
kg
50%

Sigurstrangleg apptilboð á Heilsudögum Nettó
Gerðu frábær kaup!

Afsláttur í formi inneignar í Samkaupa-appinu. Sæktu appið og safnaðu inneign.

Fimmtudagur 1. september
Apptilboð dagsins
Appsláttur: **50%**
1.500 kr. inneign í appinu
Hair & Nails
VitaYummy, 60 hlaup

Föstudagur 2. september
Apptilboð dagsins
Appsláttur: **50%**
1.350 kr. inneign í appinu
B-12 vítamín
NOW, 1000 mcg, 250 tuggutöflur

Laugardagur 3. september
Apptilboð dagsins
Appsláttur: **50%**
3.000 kr. inneign í appinu
Nutrilenk Gold
180 töflur

nettó

Nýttu þér vefverslun okkar og gerðu innkaupin á netinu
Öll tilboð á Heilsudögum má finna á netto.is

Úrval af gæðavörum
á frábæru verði!

Allar vörur VitaYummy

Hollt í matinn frá Änglamark

- Margverðlaunaðar
- Lífrænar
- Umhverfisvænar
- Gæðavörur

Allar vörur frá NOW

Allar vörur Gula miðans

Mamma Chia skvísur

Allar vörur frá Whole Earth

MUNA vörur

Skipulagður snæðingur með nestisboxunum frá Sistema

Tilboðin gilda 1.-11. september 2022 · www.netto.is

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Hafnarfjörður • Lágmúli • Mjódd • Mosfellsbær • Nóatún • Salavegur • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

Bókin sem breytti lífi mínu

Ævar Þór Benediktsson, einnig þekktur sem Ævar vísindamaður, segir lesendum Fréttablaðsins frá bókinni sem breytti lífi hans. Ævar Þór sendir um þessar mundir frá sér nýja skáldsögu sem ber titilinn Skólaslit.

„Bókin sem breytti lífi mínu er fyrsta bókin í bókaröðinni A Series of Unfortunate Events eftir Lemony Snicket (öðru nafni Daniel Handler). Það að höfundur ekki bara segi sögu, heldur leiki sér meðvitað með texta, tempó og takt innan hennar er eitthvað sem veitti mér glænýja sýn inn í það hvernig hægt er að skrifa. Og að ég tali nú ekki um hvernig hann fíflast stundum með endurtekningar. Og hvernig hann fíflast stundum með endurtekningar.

> Þó að bók sé flokkuð sem „barnabók“ þýðir það ekki að hún sé minna mikilvæg eða merkileg.

Snicket treystir líka lesandanum. Það þarf ekki alltaf að útskýra allt. Það er í lagi að flækja hlutina og prófa eitthvað nýtt. Allar sögur þurfa ekki að vera eins, allar persónur þurfa ekki að læra lexíu og þó að bók sé flokkuð sem „barnabók“ þýðir það ekki að hún sé minna mikilvæg eða merkileg en allar hinar bækurnar í bókahillunni. Þá er virðingin sem Snicket ber fyrir lesandanum sömuleiðis eitthvað sem ég hef reynt að temja mér, enda vita allir að börn og unglingar eru mikilvægustu lesendurnir. Var ég búinn að minnast á endurtekningarnar?“ ■

Adolf Smári glímir við áleitnar siðferðislegar spurningar í nýjustu skáldsögu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Átök innri og ytri sjálfsmyndar

Ragnar Jón Hrólfsson
ragnarjon@frettabladid.is

Rithöfundurinn Adolf Smári Unnarsson hefur sent frá sér nýja bók sem ber titilinn Auðlesin og er önnur skáldsaga hans.

Auðlesin segir frá ungskáldinu Nínu og verkefnastjóranum Bjarti sem verða að takast á við sínar eigin hugmyndir og hugsjónir þegar þau velja á milli erfiðra siðferðislegra valkosta. Bókin er önnur skáldsaga Adolfs Smára og kom út hjá Forlaginu á dögunum. Um er að ræða samtímasögu úr Reykjavík þar sem spurt er áleitinna spurninga um siðferði og þátttöku okkar í samfélaginu.

„Við erum búin að byggja upp ákveðið samfélag eða ímynd um samfélag. Síðan er það sem við gerum ekkert endilega í takt við það,“ segir Adolf Smári sem segir að bókin sé ákveðin samfélagsádeila sem endurspegli ákvarðanir sem við öll stöndum frammi fyrir. „Við segjum eitt en gerum annað.“

Siðferðislegar spurningar

Adolf segir að persónur bókarinnar lýsi átökum sem flestir nútíma einstaklingar kannist við.

„Í báðum tilfellum er meginsaga þessara persóna hvort það sem við gerum samræmist því sem við segjumst vilja gera og segjumst vera,“ segir hann.

Þannig sé ytri og innri maður okkar í sífelldum átökum sem skapi óvissu um hver raunveruleg persóna okkar er og hvað samfélag okkar stendur fyrir.

„Mér finnst þessi bók ekki vera bara um þessar tvær sögur í Reykjavík heldur líka sögu hins vestræna heims. Þær siðferðislegu spurningar sem hinn vestræni heimur og helst Evrópa þarf að takast á við í dag,“ segir Adolf Smári en hann telur að daglega þurfi fólk að velja á milli hugsjóna sinna og þess að vera neytandi í vestrænu samfélagi og þetta valdi árekstrum.

„Ef ég myndi lenda í sömu sporum og þessar persónur og þyrfti að taka dramatíska ákvörðun í mínu lífi um það til dæmis að gefa frá mér alla peninga til þess að hjálpa ókunnugum eða gefa upp þægindin sem ég bý við og einhver annar gæti mögulega fengið þau. Ég hef ekki svarið við því á reiðum höndum,“ segir Adolf.

Hann segir að þrátt fyrir að þessir hlutir valdi okkur stundum kvíða sé þetta ekki endilega eitthvað sem við eigum að taka sem áfellisdóm yfir okkur sjálfum. „Ég held að þetta sé einfaldlega siðferðislegt vandamál sem við þurfum að fást við.“

Prag hafði mikil áhrif

Adolf Smári stundar meistaranám í leikhússtjórn í Prag í Tékklandi og segir að dvöl hans þar hafi mótað skoðanir hans mikið.

„Það er svo ótrúlega mikil krafa um það að öll list sé pólitísk. Það hefur verið þannig frá upphafi 20. aldarinnar því list fyrir þeim er tákn um að þeir séu frjálsir og að þarna ríki lýðræði. Þeir hafa alltaf verið fastir undir öðrum, hvort sem það eru nasistar, Rússar eða nálæg keisaradæmi. En ég hef aldrei hlegið jafn mikið og í Tékknesku leikhúsi. Það er alltaf þessi hárfína lína húmors og satíru sem skiptir öllu máli,“ segir Adolf Smári sem telur að bækur verði að vera áleitnar en á sama tíma skemmtilegar til þess að koma skilaboðum sínum til skila og tengja við lesendur.

Aðspurður um það sem stendur til næst segir Adolf að nýtt verk eftir hann verði fljótlega frumsýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Verkið ber nafnið Nokkur augnablik um nótt og mun Ólafur Egill Ólafsson fara með leikstjórn en leikarar verða Björn Thors, Ebba Katrín Finnsdóttir, Hilmar Guðjónsson og Vigdís Hrefna Pálsdóttir. ■

> Mér finnst þessi bók ekki vera bara um þessar tvær sögur í Reykjavík heldur líka sögu hins vestræna heims.

Nýr djass í anda gömlu meistaranna

tsh@frettabladid.is

Djasssöngkonan Marína Ósk sendi á dögunum frá sér sína aðra breiðskífu, One Evening in July, hjá sænska útgáfufyrirtækinu TengTones. Platan inniheldur átta lög og á henni sýnir Marína á sér nýja hlið sem lagasmiður en lögin minna um margt á gömlu djasslögin úr Amerísku söngbókinni sem leikin voru af meisturum á borð við Chet Baker, Billie Holiday og Blossom Dearie.

„Þessi gamla sveiflutónlist frá 50's og 60's fær mann til að smella fingrum og stappa í takt og hugsa um plötuspilara og vínilplötur og ég dásama hana. Í þessari tónlist fann ég mig sem söngkonu, listakonu og lagasmið og þar er mitt músíkalska heimili,“ segir Marína, sem er nú flutt aftur heim eftir margra ára nám erlendis.

Platan var tekin upp lifandi í hljóðveri í Stokkhólmi, í anda gömlu djassupptakanna. Með Marínu á plötunni leika íslenski gítarleikarinn og lagasmiðurinn Mikael Máni Ásmundsson, sænski kontrabassaleikarinn Johan Tengholm og bróðir hans, trompetleikarinn Erik Tengholm. Hópurinn varð til á námsárum Marínu í Stokkhólmi þar sem hún stundaði mastersnám í Jazz Performance.

Marína kveðst hafa hlustað mikið á Chet Baker á námsárunum og vildi stofna trommulausan kvartett í anda einnar uppáhaldsplötu hennar með trompetmeistaranum, Embraceable You.

„Ég hafði heyrt sænsku bræðurna spila og bað þá að vera með ásamt Mikael Mána, en við höfum lengi unnið saman. Við eigum það öll fjögur sameiginlegt að tala sama djasstungumálið og það er auðvelt og nærandi að eiga músíkölsk samtöl á meðan við spilum. Við erum mjög sammála um hvert tónlistin vill fara og hvernig hún vill vera leikin og ég hefði ekki viljað taka upp þessa plötu með neinum öðrum en akkúrat þessum strákum,“ segir Marína. ■

Söngkonan Marína Ósk sýnir á sér nýja hlið sem lagasmiður á plötunni One Evening in July. MYND/AÐSEND

Sérfræðingur frá String
verður í verslun okkar Skeifunni 6, dagana **1. - 3. september.**

epal

string®

String hillukerfið var hannað árið 1949 af sænska arkitektnum Nils Strinning og hefur það síðan þá hlotið mörg alþjóðleg hönnunarverðlaun. String hillukerfið er hannað þannig að auðvelt er að bæta við skápum og hillum að vild og sérsníða hillurnar að þínum þörfum.

epal · Skeifan 6 / Kringlan / Smáralind / Laugavegur 7 / 5687733 / **www.epal.is**

Tamara frá Eskimo Models situr fyrir í fyrsta Swimslow-bikiníinu.

MYNDIR/SILJA MAGG

Synt með stæl um tískustraumana

Fatahönnuðurinn Erna Bergmann stakk sér ofan í djúpu laugina með Swimslow-sundfatamerkið sitt fyrir fimm árum og er enn á sundi. Á sínum hraða með sjálfbærni og einfaldleika að leiðarljósi en tímamótin gáfu henni kjörið tilefni til þess að bæta við sundbolum í þremur nýjum stílum og langþráðu bikiníi.

toti@frettabladid.is

> Ég fór ekki í sund í mörg ár, frá því ég var fimmtán ára þangað til ég varð 25 ára.

Swimslow, sundfatamerki fatahönnuðarins Ernu Bergmann, er fimm ára á þessu ári og hún fagnar tímamótunum með sundbolum í þremur nýjum stílum auk þess sem nú verður loks hægt að fá Swimslow-bikiní.

„Við erum „slow fashion“ fyrirtæki þannig að við erum ekkert alltaf að koma með nýjar línur og fylgjum kannski ekki hinum dæmigerðu árstíðum í tískuheiminum heldur gerum við þetta bara á okkar hraða,“ segir Erna.

Hún segir hins vegar fimm ára afmælið kjörið tilefni til þess að svala uppsafnaðri sköpunarþörf. „Vegna þess að við búum ekki neitt til að ástæðulausu en erum núna að bæta við þremur nýjum sundbolastílum og bikiní sem er búið að vera lengi á biðlistanum,“ segir Erna sem ætlar að fagna í dag.

„Það er af nógu að taka og við ætlum að fagna þessu og árstíðaskiptunum með Aperol Spritz, sem er náttúrlega líka ítalskt, á Petersen svítunni í dag og vera með sýningu á ljósmyndum sem Silja Magg tók af fyrirsætum í nýju sundfötunum á Langasandi á Akranesi og í nýju sjóböðunum við Hvammsvík.“

Fegurð einfaldleikans

Erna segist, sem fyrr, leggja áherslu á fágun og einfaldleika í nýju sundbolunum með áherslu á fegurðina í smáatriðunum. „Þeir eru í virkilega klæðilegum sniðum og eru ekki með brjóstaskálum og ættu því að passa flestum líkamsgerðum þannig að ef konur vantar sundbol, hvort sem það er til þess að synda í, fara í sjósund, slaka á í gufunni, eru á leið í sólina eða langar bara einfaldlega að skvísast, þá reddar Swimslow málunum.“

Synti ekki árum saman

Erna er menntaður fatahönnuður og hefur starfað víða við hitt og þetta sem tengist tísku en Swimslow varð til upp úr mastersnámi hennar í hönnun. „Þar kom þetta verkefni eiginlega upp. Ég var sjálf nýbyrjuð að fara mikið í sund. Búin að uppgötva töfra vatnsins og fann ekki sundföt sem hentuðu mér eða ég var ánægð með þannig að þá ákvað ég bara að ganga sjálf í málið,“ segir Erna sem, eins undarlega og það kann að hljóma, hafði mikið til haldið sig á þurru.

„Ég fór ekki í sund í mörg ár, frá því ég var fimmtán ára þangað til ég varð 25 ára. Af því ég var svo meðvituð um sjálfa mig og óánægð með mig eins og margar konur. Þannig að fyrir mig er þetta líka ákveðinn sigur. Að gera bara sundföt. Vegna þess að mörgum konum finnst alveg erfitt að fara í sund og bera sig og ég vildi gera sundföt sem þeim liði vel í og myndu bara efla þær. Sundföt sem halda vel utan um líkamann og gera okkur öruggar með okkur.“

Hæg en örugg sundtök

Erna segist frá upphafi hafa lagt mikið upp úr sjálfbærni Swimslow og að allt framleiðsluferlið sé eins umhverfisvænt og mögulegt er. Sundfötin eru hönnuð á Íslandi og framleidd á Ítalíu úr endurunnum efnum þannig að þráðurinn í efninu er meðal annars unninn úr notuðum teppum og fiskinetum sem hafa verið endurheimt úr hafinu.

„Ég vildi að við værum umhverfisvæn og að þetta myndi tikka í öll boxin fyrir mig sem neytanda,“ segir Erna og bætir við að þessi hugsun hafi ekki verið sérstaklega algeng í þessum efnum fyrir fimm árum. „En þetta er í rauninni alveg búið að blómstra og neytendahópurinn náttúrlega bara stækkar og stækkar.“

Erna segir aðspurð að vissulega hafi reynt nokkuð á úthaldið á þessum fimm ára langa sundspretti með Swimslow. „Við höfum alltaf fengið góðar viðtökur en maður þarf alveg að vera með smá þrautseigju ef maður ætlar að vera með hönnunarfyrirtæki á Íslandi.

Umhverfið er ekkert með manni á þessari litlu eyju í Atlantshafinu. Tollar eru háir, erfitt að flytja inn og markaðurinn líka náttúrlega bara lítill þannig að ég myndi ekki segja að þetta sé búið að vera auðvelt. En ógeðslega skemmtilegt að gera það sem maður hefur ástríðu fyrir, þannig að við ætlum að halda því áfram,“ segir Erna og hlær. ■

Erna Bergmann fagnar fimm árum á floti í sjálfbæru Swimslow-sundfötunum sínum.

MYND/MARSÝ HILD ÞÓRISDÓTTIR

Erna vinnur sem fyrr með klassísk og þægileg snið í sundbolum sínum.

Kristín Lilja hjá Eskimo Models sýnir nýja og langþráða Swimslow-bikiníið.

■ Tímavélin

Þegar Gorbatsjov hitti boxarann Binga

toti@frettabladid.is

Þegar Míkhaíl heitinn Gorbatsjov sótti Ísland heim öðru sinni árið 2006 var hann orðinn fyrrverandi leiðtogi Sovétríkjanna ólíkt því sem var þegar hann fundaði með Ronald Reagan Bandaríkjaforseta í Höfða.

Leiðtogafundurinn var þó enn og aftur ástæðan fyrir seinni heimsókninni þegar Gorbatsjov var flogið til Reykjavíkur í einkaflugvél Björgólfs Thors Björgólfssonar þann 11. október 2006 til þess að halda fyrirlestur í Háskólabíói í tilefni þess að tuttugu ár voru liðin frá leiðtogafundinum sögulega.

Björn Ingi Hrafnsson var formaður borgarráðs þegar Gorbatsjov mætti aftur til leiks og hitti hann sem slíkur í móttöku í Höfða þar sem heiðursgestinum varð svo starsýnt á örið í andliti Björns Inga að hann veitti honum mun meiri athygli en mörgu fyrirmenninu sem var mætt til að spóka sig í frægðarljóma Sovétleiðtogans fyrrverandi.

> Björn Ingi Hrafnsson var formaður borgarráðs þegar Gorbatsjov mætti aftur til leiks og hitti hann sem slíkur.

Sjálfur skartaði Gorbatsjov sjálfsagt frægustu valbrá heims á skallanum, sem gat mögulega skýrt þennan augljósa áhuga hans á áberandi ytri einkennum fólks. „Þetta snýst allt um að skera sig úr fjöldanum,“ sagði Björn Ingi á léttu nótunum fyrir sextán árum þegar Fréttablaðið forvitnaðist um hvað fór þeim Gorbatsjov á milli. Hann upplýsti síðan að Gorbatsjov hefði spurt hvort örið væri minnismerki um þátttöku Björns Inga í hnefaleikum.

„Það kom svolítið á mig en ég var fljótur að ná áttum og svara og sagði honum að einu hnefaleikarnir sem ég hefði tekið þátt í væru í boxhring stjórnmálanna.“

Björn Ingi segir örið fyrir löngu vera orðið skrásett vörumerki og eftir fundinn með Gorbatsjov mætti segja að hróður þess sé farinn að berast víða.

Sjálfur skartar Björn Ingi hins vegar fleira framúrfólki í íslensku stjórnmálalífi á móti Gorbatsjov með hefðbundnum handabönduðum, bukti og beygingum. Gorbatsjov staldraði þó lengur við Björn Inga en aðra, varð starsýnt á örið góða og og sagði honum að einu hnefaleikarnir sem ég hefði tekið þátt í væru í boxhring stjórnmálanna. Björn Ingi bætti síðan við að örið væri fyrir löngu orðið skrásett vörumerki og eftir fundinn með Gorbatsjov mætti segja að hróður þess yrði farinn að berast víða.

Fréttablaðið ræddi við Björn Inga fyrir sextán árum um örið sem fangaði athygli Sovétleiðtogans fyrrverandi þegar þeir Gorbatsjov hittust í Höfða.

62 FRÉTTABLAÐIÐ 14. október 2006 LAUGARDAGUR

Örið er skrásett vörumerki

„Þetta snýst allt um að skera sig úr fjöldanum," segir Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, á léttu nótunum en örið sem hann ber á andliti sínu vakti sérstaka athygli sovétleiðtogans fyrrverandi Mikhails Gorbatsjov þegar þeir mættust í móttöku í Höfða á fimmtudag.

Björn Ingi tók ásamt fleira framáfólki í íslensku stjórnmálalífi á móti Gorbatsjov með hefðbundnum handabönduðum, bukti og beygingum. Gorbatsjov staldraði þó lengur við Björn Inga en aðra, varð starsýnt á örið góða og spurði síðan hvort örið væri minnismerki um þátttöku hans í hnefaleikum.

„Það kom svolítið á mig en ég var fljótur að ná áttum og svara og sagði honum að einu hnefaleikarnir sem ég hefði tekið þátt í væru í boxhring stjórnmálanna."

Björn Ingi segir örið fyrir löngu vera orðið skrásett vörumerki og eftir fundinn með Gorbatsjov mætti segja að hróður þess sé farinn að berast víða.

Sjálfur skartar Gorbatsjov sjálfsagt frægustu valbrá heims á skallanum, sem gæti skýrt þennan augljósa áhuga hans á áberandi ytri einkennum fólks, en það fór síður en svo framhjá nærstöddum að honum varð starsýnt á er Björns Inga dóur en hann bar spurningunni upp.

Áhugi Gorbatsjovs á örinu fræga naun vænlanlega seint líða Birni Inga úr minni en hann segir heimsókn Rússans í Höfða alla hafa verið hina ánægjulegustu. „Það var mjög gaman að hitta hann og hann er furðu vel á sig kominn. Var hress og man greinilega vel eftir fundi sínum og Reagans á húsinu, var til dæmis með alla herbergjaskipan í Höfða á hreinu." ■

BJÖRN INGI HRAFNSSON Lét ekki Gorbatsjov slá sig út af laginu.

HÁSKÓLABÍO

MIKHAÍL GORBATSJOV Gef Birni Inga meiri gaum en mörgum háttsettari embættismönnum í Höfða á fimmtudag og þar gerði örið góða lukku.

og sagði honum að einu hnefaleikarnir sem ég hefði tekið þátt í væru í boxhring stjórnmálanna.“ Björn Ingi bætti síðan við að örið væri fyrir löngu orðið skrásett vörumerki og eftir fundinn með Gorbatsjov mætti segja að hróður þess væri farinn að berast víða.

Björn sagði jafnframt að heimsókn Rússans í Höfða hefði öll verið hin ánægjulegasta. „Það var mjög gaman að hitta hann og hann er furðu vel á sig kominn. Var hress og man greinilega vel eftir fundi sínum og Reagans í húsinu; var til dæmis með alla herbergjaskipan í Höfða á hreinu,“ sagði Björn Ingi Hrafnsson árið 2006, þegar honum var greinilega þegar orðið einkar lagið að stela athyglinni löngu áður en hann byrjaði að stunda það af kappi sem Björn Ingi á Viljanum. ■

EINFALT OG ÞÆGILEGT

Pantaðu lyfin á lyfjaval.is

Veldu að sækja í næsta apótek eða fáðu sent heim.

Lyfjaval
HEILSA & HAMINGJA

Bílaapótek Hæðasmára
Bílaapótek Vesturlandsvegi
Bílaapótek Suðurfelli
Glæsibæ
Urðarhvarfi
Mjódd
Apótek Suðurnesja

www.lyfjaval.is

RIF RESTAURANT

Hádegistilboð
2.290 KR

Val á milli tveggja rétta í hádeginu
Alla virka daga

kl 11:30-15:00

Kaffitilboð
1.290 KR

Kaka að eigin vali
og kaffi/te/kakó

kl 14-17:00

Happy Hour

Bjór á krana, vínglas
hússins eða freyðivínsglas
990 kr
alla virka daga
14-17:00
laugardaga
12-17:00

/rifrestaurant
/rifrestaurant
pepsi

2.HÆÐ - FJÖRÐUR VERSLUNARMIÐSTÖÐ | rif.is

Myrkraverkamennirnir Stefán, Birgir, Silli og Ingó áður en Biggi hætti og Egill Örn Rafnsson tók við trommunum.
MYND/AÐSEND

Dimma í íslensku flóðljósi

Tíu ár eru síðan Dimma gaf Myrkraverk út en platan var sú fyrsta þar sem allir textar þungarokkshljómsveitarinnar voru á íslensku. Gítarleikarinn Ingó Geirdal segir hið ástkæra, ylhýra hafa gefið sveitinni alvöru byr í seglin og því stendur á næstunni til að spila plötuna alla á tónleikum víðs vegar um landið.

toti@frettabladid.is

„Í haust eru tíu ár liðin frá því að platan okkar Myrkraverk kom út en hún markaði tímamót á ferli Dimmu þar sem allir textar voru á okkar ástkæra móðurmáli," segir gítarleikarinn Ingó Geirdal og bætir við að platan hafi fengið svo góðar viðtökur að með sanni megi segja að með henni hafi hljómsveitin fyrst tekið flugið fyrir alvöru.

„Þetta líður ansi fljótt og manni finnst nú ekki langt síðan við gerðum þessa plötu en miðað við viðbrögðin þegar við settum lagið Þungur kross í spilun sáum við alveg strax að það væri ekkert aftur snúið. Við værum ekkert að fara að syngja á ensku aftur."

Ingó segir Dimmu því hafa ærna ástæðu til þess að fagna tíu ára afmæli plötunnar og að það verði gert með stæl með því að spila plötuna alla á tónleikum víða um land á næstunni.

Persónulegri tengingar

„Við erum að fara að flytja plötuna alveg í heild sinni en komum til með að setja vinsælustu lögin af hinum plötunum inn á milli. Við erum náttúrlega búnir að gefa út nokkrar plötur síðan Myrkarverk kom út og ég held að við komumst ekkert upp með neitt annað."

Ingó segir íslensku textana hafa náð að rjúfa einhvern ósýnilegan múr með því að hitta fjölmarga í hjartastað. „Já, algjörlega. Við fórum líka allt í einu að upplifa það að fólk var farið að húðflúra textana á sig og það sem manni finnst náttúrlega mikill heiður, að bæði flytja lögin okkar og lesa upp textana við merka, persónulega viðburði eins og brúðkaup og jarðarfarir.

Þannig að það má segja að við það að svissa yfir á íslenskuna hafi textarnir einhvern veginn náð betur til fólks og þeir urðu á einhvern hátt einlægari og fólk fór að tengja miklu betur."

Ingó segir Dimmu þegar búna að bóka þó nokkra tónleika og að fleiri staðir eigi eftir að bætast við. „Við byrjum í Keflavík núna í kvöld á nýjum stað sem heitir Lux Club og þar eru tónleikarnir í rauninni hluti af Ljósanótt.

Svo verðum við í Bæjarbíói í Hafnarfirði í næstu viku og svo Edinborgarhúsinu á Ísafirði og fleiri stöðum. Við höfum boðið góðum vinum okkar í hljómsveitinni Nykur að vera með okkur í Bæjarbíói þannig að þar verða þaulreyndar rokkkempur með okkur."

Tíu árum betri

Ingó segir þá Dimmufélaga óneitanlega tíu árum eldri en þeir voru þegar Myrkraverk sló í gegn en þeir sláí þó hvergi af og rokkúthaldið sé engu minna. „Það sem meira er, er að bandið er bara orðið miklu betra en það var fyrir tíu árum síðan. Maður skyldi nú ætla að við værum búnir að læra eitthvað af þessu. Ég hef enga tölu á hversu marga tónleika síðan en þeir hlaupa á hundruðum," segir Ingó og horfir í norðurátt þar sem öllu verður til tjaldað.

„Akureyri er eiginlega okkar annað höfuðvígi og við erum búnir að fá svo mikið af áskorunum að norðan þannig að við erum búnir að bóka Íþróttahöllina á Akureyri og ætlum að bjóða upp á „show" sem verður sambærilegt við útgáfutónleikana okkar tvenna sem við héldum í Eldborgarsal Hörpu ekki alls fyrir löngu.

Við höfum alltaf verið á Grena hattinum þar sem við elskum að spila enda mjög kósí staður og gott að vera þar en nú verðum við með skjá og sviðsmynd og allan pakkann og það verður ekkert til sparað í Íþróttahöllinni. Þetta verða bara okkar stærstu og metnaðarfyllstu tónleikar á Akureyri síðan við spiluðum með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands 2015." ■

Myrkraverk Dimmu markaði þáttaskil á ferli hljómsveitarinnar og hafði varanleg áhrif á tónlistina sem hefur síðan þá öll verið á íslensku.

Staðfestir tónleikar Dimmu

- **1. september** Lux Keflavík – Myrkraverk á Ljósanótt
- **9. september** Bæjarbíó – Sérstakir gestir: Nykur
- **17. september** Rokk í Reykjavík - Kaplakrika
- **24. september** Edinborgarhúsið, Ísafirði
- **29. október** Stórtónleikar í Íþróttahöllinni á Akureyri

Grease-æðið heldur áfram

toti@frettabladid.is

„Það var fullt út úr dyrum, rauður dregill á gólfum, amerískir kaggar á planinu og taktfastir slagarar ómuðu í glymskrattanum," segir Alfreð Árnason, framkvæmdastjóri Sambíóanna, um Grease-sýninguna til minningar um Olivu Newton-John í síðustu viku.

„Stemningin í húsinu var frábær," segir Alfreð en sameiningarmáttur Olivu Newton-John sveif yfir þéttsetnum salnum þar sem ungir sem aldnir skemmtu sér saman. Hann segir þó færri hafa komist að en vildu en ekki þurfi að örvænta því það verði önnur sýning annað kvöld klukkan 19.30 í Sambíóunum Álfabakka. „Norðanmenn vildu ekki vera eftirbátar okkar hérna fyrir sunnan og vegna fjölda áskorana var ákveðið að bjóða upp á eina sýningu á Akureyri sama dag."

Sem fyrr hvetja þau í Sambíóunum öll sem vilja taka þátt í gleðinni til þess að tryggja sér miða á sambio.is og taka síðan þátt í stemningunni með þeim og mæta í fjörið uppáklædd í anda Grease. ■

Salurinn í Álfabakka var fullsetinn á Grease-sýningunni í síðustu viku og allir vel með á nótunum.

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is* **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

LAGERSALA

1. - 10. september

30-80% afsláttur

Fatnaður
Reiðhjól
Tjöld
Útilegubúnaður
Bakpokar
Svefnpokar
Gönguskór
Skíðabúnaður
Hlaupavörur
Og margt margt fleira...

Vango Osiris 500
5 manna fjölskyldutjald
~~99.995,-~~ 50.000,-

Head Trivor
Rafhjól - Herra og dömustell
~~299.995,-~~ 210.000,-

Head I-Peak I
Hybrid hjól - Herra og dömustell
~~75.995,-~~ 38.000,-

Stevens Stelvio
Racer - Shimano 105
~~195.995,-~~ 59.000,-

FISCHER · RUDY PROJECT · STEVENS BIKES · KV+ · alpina · MAMMUT SWISS 1862 · Vango · HEAD

Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun

Danskir DAGAR

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DÖNSKUM VÖRUM*

www.husgagnahollin.is
VEFVERSLUN

CHRISTO
Fallegt hringlaga borðstofuborð. Hvíttaður olíuborinn eikarspónn. Ø120 x 75 cm.
111.992 kr. ~~139.990 kr.~~

SALTO
Hornsófi, hægri eða vinstri. Kentucky bonded leðuráklæði, stone eða koníak. 275 × 216 × 85 cm. **Nú 295.992 kr.** ~~369.990 kr.~~

MATIS
U-sófi. Hægri eða vinstri. Abba ljósgrátt áklæði.
317 × 186 × 78 cm. **223.992 kr.** ~~279.990 kr.~~

FRIDAY
Tungusófi. Þægilegur og notalegur sófi í gráu Bari áklæði. 256 x 175 x 91 cm.
175.992 kr. ~~219.990 kr.~~

DC 3600
Fallegur 3ja sæta sófi með mjúku savoy/split leðri. Svart eða koníakslitað. 202 x 80 x 80 cm.
239.992 kr. ~~299.990 kr.~~

BÅSTAD
3,5 sæta sófi. Marsel grátt áklæði.
306 x 101 x 78 cm. **247.992 kr.** ~~309.990 kr.~~

NABBE
Hornsófi. Hægri eða vinstri. 316 Pine Green áklæði. 254 × 202 × 85 cm.
239.992 kr. ~~299.990 kr.~~

DALSLAND
3,5 sæta sófi. Þægilegur og stílhreinn. Fallegt Mole eða Natur áklæði. 261 x 105 x 83 cm.
263.992 kr. ~~329.990 kr.~~

DC 8900
Fallegur 3ja sæta sófi með mjúku savoy/split leðri. 224 x 86 x 80 cm.
263.992 kr. ~~329.990 kr.~~

Reykjavík Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri **Dalsbraut 1**
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður **Skeiði 1**

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



CONNECT
Skenkur með 4 hurðum.
Eikarspónn, svartir fætur og toppur. 200 × 42 × 67 cm.
167.992 kr. ~~209.990 kr.~~

CONNECT
Borðstofuborð með 2 svörtum stækkunum. Matthvíttaður eikarspónn. Svartir duftlakkaðir málmfætur. 200/100 x 75 cm
231.992 kr. ~~289.990 kr.~~

ECLIPSE
Stækkanlegt borðstofuborð. 2x50 cm framlengingar fylgja. Svartur eða grár askur. 200/250/300 × 110 × 76,5 cm.
223.992 kr. ~~279.990 kr.~~

ANDREW
Borðstofustóll. Svartur, grár eða brúnn. **19.992 kr.** ~~24.990 kr.~~

MEDUSA
Borðstofustóll, ýmsir litir.
47.992 kr. ~~59.990 kr.~~

ALEXA
Borðstofustóll. Svart bonded leður. **27.992 kr.** ~~34.990 kr.~~

CONNECT
Sófaborð. Eikarplata með svörtum fótum. 60 × 60 × 40 cm.
63.920 kr. ~~79.990 kr.~~

MAXIME
Innskotsborð. 3 í pk. Ø50 x 50 cm.
55.992 kr. ~~69.990 kr.~~

AMBLE
Sófaborð, brúnt marmara melamín.
Ø77 x 44 cm. **27.992 kr.** ~~34.990 kr.~~

DICE
Sófaborðasett, hvítt eða svört marmaraáferð. 58 × 58 × 40 cm.
47.992 kr. ~~59.990 kr.~~

DANIELLA
Hægindastóll, grænn eða bleikur.
51.992 kr. ~~64.990 kr.~~

GRAN
Hægindastóll. Ýmsir litir.
79.992 kr. ~~99.990 kr.~~

MADISON
Hægindastóll. Ýmsir litir.
Nú 34.993 kr. ~~49.990 kr.~~

CANNES
Hægindastóll. Ýmsir litir.
159.992 kr. ~~199.990 kr.~~

NÝR BÆKLINGUR
Skannaðu QR kóðann

NORDAL KAUAI
Skál á fótum.
Ø35 cm. **15.992 kr.** ~~19.990 kr.~~
Ø26 cm. **7.992 kr.** ~~9.990 kr.~~



BROSTE VANILLA
Skál. Ø17 cm
1.432 kr. ~~1.790 kr.~~

BITZ GALAXY
Pastaskál Ø20 cm. **3.192 kr.** ~~3.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Sigraðu heilsuna
á Heilsu- & lífsstílsdögum Nettó
1.-11. sept.
nettó
Ofurtilboð og app-tilboð alla dagana
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF HEILSU- OG LÍFSSTÍLSVÖRUM

Bakþankar

Arnars Tómasar Valgeirssonar

Orri og Una

Ég rakst á fyrrverandi vinnufélaga mína í skírnarveislu um daginn. Þegar ég sá þau síðast voru þau nýbyrjuð að stinga saman nefjum en eru nú komin á þriðja barn. Við náðum einstaklega vel saman þegar við unnum saman á leikskólanum og ég þori að fullyrða að þau myndu gefa mér fín meðmæli sem þriðja hjóli ef ég þyrfti á þeim að halda fyrir ferilskrána.

Það var gaman að rekast aftur á gömlu kollegana sem tókst meistaralega til við að sinna mér í bland við börnin þrjú sem ýmist skriðu eða slefuðu yfir veislugólfið. Þegar við kvöddumst skelltum við í sígilt „það væri nú gaman að fara að hittast aftur“ þótt við höfum öll vitað undir niðri að það sé ekki að fara að gerast. Á leiðinni heim úr veislunni fór ég að velta því fyrir mér af hverju það væri.

Leiðinlegi sannleikurinn er sá að á einhverjum tímapunkti þá á maður nóg af vinum. Maður er félagslega saddur. Þrátt fyrir að ég hafi átt svona margt sameiginlegt með foreldrunum þá held ég enn þá sambandi við annað fólk sem á blaði uppfyllir ekki nærri því jafnmargar hæfniskröfur til vináttu. Ég hef einfaldlega þekkt þá vini lengur og við höfum mótað tengsl á því einu að vera til hverjir í kringum aðra.

Þau Orri og Una eiga þannig fast sæti á lista fólks sem mér er hlýtt til og mun styðja í gegnum súrt og sætt með áreynslulausum lækum og brosköllum á samfélagsmiðlum um ókomna tíð. Ég vona að ég eigi fast sæti á þeirra lista. ■